

**Skýrsla starfshóps um
fjölbreytileika og sveigjanleika í
skipulagi náms og námsframboðs**

Fylgiskjöl

Efnisyfirlit

Fylgiskjal 1	Uppbygging stúdentsprófsins á Íslandi og samanburður við Norðurlöndin	4
Fylgiskjal 2	Skipulag náms á unglíngastigi	9
Fylgiskjal 3	Tenglar á meginfærniþætti og nýjar áherslur í námskrárgerð	11
Fylgiskjal 4	Gæðastarf í skólum - sjálfsmat skóla	12
Fylgiskjal 5	Fagháskólar	14
Fylgiskjal 6	Yfirlit um ISCED-97 flokkun menntunar	16
Fylgiskjal 7	Greinargerð undirhóps um málefni unglíngastígsins	18
Fylgiskjal 8	Viðhorf hagsmunaaðila til málefna unglíngastígsins	21
Fylgiskjal 9	Niðurstöður viðræðna við fulltrúa sjö háskóla haustið 2006	33
Fylgiskjal 10	Könnun á námi á skilum skólastíga haustið 2006	43

Fylgiskjal 1 Uppbygging stúdentsprófsins á Íslandi og samanburður við Norðurlöndin

Skipulag náms á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs

Með lögum um framhaldsskóla 1996 var gerð sú breyting á skipulagi náms til stúdentsprófs að námsbrautum var fækkað í 3-4 og mælt fyrir um að þær skyldu skilgreindar sem kjarni, kjörsvið og frjálst val. Í aðalnámskrá sem út kom 1999 voru þessi ákvæði útfærð nánar. 2001 var sett reglugerð sem kvað á um skilgreiningu á viðbótarnámi til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. **Í stórum dráttum má segja að kjarninn í núverandi stúdentsprófi af bóknámsbraut sé 77 einingar** (reyndar getur verið um bundið val að ræða í 12 einingum í 3. erlenda málinu, í 3 einingum í stærðfræði og 4 einingum í íþróttum þannig að strangt til tekið má kannski segja að sameiginlegi kjarninn sé 58 einingar):

Íslenska	15 ein	Félagsfræði	3 ein
Danska	6 ein	Saga	6 ein
Enska	9 ein	Náttúruvísindi	9 ein
Stærðfræði	6 ein	Íþróttir	8 ein
(3. erlent mál	12 ein)	Lífsleikni	3 ein

Kjarninn í núverandi viðbótarnámi við 3-4 ára starfsnám til stúdentsprófs er 33 einingar, en að auki er gerð krafa um 12 bóklegar einingar, eða alls 45 bóklegar einingar (reyndar er auk þess yfirleitt a.m.k. 2 ein. í dönsku og 3 einingar í lífsleikni í starfsnáminu auk eininga í íþróttum, þ.e. yfir 50 einingar í almennum bóklegum greinum):

Íslenska	15 ein
Enska	12 ein
Stærðfræði	6 ein
	12 ein (í tungumálum eða raungreinum eða samfélagsgreinum)

Ef starfsnámið er stutt (2-3 ár) er bóklegi kjarninn 33+26 = 59 einingar, en að auki er gerð krafa um 15+12 = 27 bóklegar einingar, eða alls 86 bóklegar einingar. Við bætast:

Enska	3 ein
Saga	6 ein
Náttúruvísindi	9 ein
Íþróttir	8 ein
	15 ein (í raungreinum eða samfélagsgreinum eða íþróttagrþ)
	(auk 12 ein í 3. erlenda máli eða stærðfræði)

Um tíma veitti viðbótarnámið takmörkuð réttindi til háskólanáms, t.d. við Háskóla Íslands þar sem viðkomandi reglugerð (nr. 458/2000) gerði ráð fyrir stúdentsprófi af bóknámsbraut, en með breytingu á þeirri reglugerð (nr. 518/2003) var opnað á það að einstakar deildir gætu með samþykki háskólaráðs fallið frá því skilyrði. Með reglugerðarbreytingum 30. maí 2005 (nr. 573/2005) og 9. desember 2005 (nr. 1153/2005) kemur fram að allar deildir HÍ nema tannlæknadeild og lyfjafræðideild hafa vikið bóknámsbrautarskilyrðinu til hliðar að einhverju eða öllu leyti.

Sú takmarkaða jafngilding námseininga bóknáms og verknáms, sem viðbótarnámið felur í sér, átti því nokkuð erfitt uppdráttar í Háskóla Íslands en ekki verður séð að aðrir íslenskir háskólar geri sérstakan greinarmun á stúdentsprófi af bóknámsbraut og viðbótarnáminu til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Um 300 nemendur á ári hafa lokið viðbótarnáminu til stúdentsprófs undanfarin ár, eða um 12% allra brautskráðra stúdenta.

Skilgreining stúdentsprófsins í nágrannalöndunum

Í **Danmörku** er nýleg löggjöf um nám til stúdentsprófs (2004). Gert er ráð fyrir heildstæðri menntun. Samtals eru 11 námsgreinar tilgreindar í kjarna. Byggir þetta á hugmyndafræði um kjörsvið og þverfaglegar áherslur en horfið er frá fyrri ákvæðum (1988) um mikið val nemenda. Sérstök löggjöf er um starfsmenntun.

Í **Noregi** er sameiginleg löggjöf frá 1998 um grunnskóla og framhaldsskóla. Þar er ekki kveðið á um einstakar greinar. Það er hins vegar gert í aðalnámskrá þar sem 10 kjarnagreinar eru taldar upp en auk þess vísað til kjörsviðsgreina.

Í **Svíþjóð** er almenna skólalöggjöfin frá 1985 með síðari breytingum, m.a. frá 1999, þar sem kveðið var á um 8 kjarnagreinar í framhaldsskólum og umfang þeirra, auk sérhæfingar á einstökum námsbrautum.

Í **Finnlandi** er löggjöfin frá 1998 og þar eru 10 greinar og greinaflokkar tilgreindir en að öðru leyti vísað til aðalnámskrár um nánari útfærslu. Sérstök löggjöf er um starfsmenntun.

Tillögur Starfsnámsnefndar um stúdentsprófið

Í tillögum Starfsnámsnefndar frá 2006 er gert ráð fyrir algjörri stefnubreytingu frá núverandi skipulagi náms til stúdentsprófs:

- Sameiginlegur kjarni taki aðeins til þriggja greina (íslensku, ensku og stærðfræði), samtals 27 einingar. Ekki var þó samstaða um þetta innan nefndarinnar. Reyndar er hér ekki um sameiginlegan kjarna að ræða þar sem gert er ráð fyrir að einingafjöldi þessara þriggja kjarnagreina geti verið mismunandi eftir því hvert nemandinn stefnir. Ekki kemur fram hvort þessar 27 einingar taki mið af núverandi 140 eininga viðmiði í fjögurra ára kerfi eða mið af hugmyndum um færri námseiningar í þriggja ára kerfi.
- Námsbrautir til stúdentsprófs verði hvorki skilgreindar í lögum né aðalnámskrá en þess í stað skilgreini einstakir framhaldsskólar námsleiðir til stúdentsprófs eða jafnvel einstakir nemendur.
- Allar námseiningar til viðbótar umræddum 27 kjarnaeiningum verði jafngildar til stúdentsprófs þar til lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er náð. Þannig er því horfið frá öllum miðlægum ákvæðum um sérhæfingu, sbr. núverandi ákvæði um kjörsvið eða heildstæða starfsmenntun í viðbótarnáminu. Ábyrgðin er færð til einstakra nemenda og, eftir atvikum, einstakra framhaldsskóla.

Ýmis álitamál varðandi skilgreiningu stúdentsprófsins

Starfshópnum er hér nokkur vandi á höndum. Í skipunarbréfi hans sagði m.a.:

Einnig skal hópurinn fjalla um inntak stúdentsprófs á öllum stúdentsbrautum, hlutfall kjarna, kjörsviða og frjáls vals og skipulag sem binda á í aðalnámskrá, sem og um aukið frelsi skóla og nemenda til að velja samsetningu námsins eftir eigin þörfum og sérstöðu. Miða skal við einingarfjölda til stúdentsprófs sem rúmast innan þriggja ára viðmiðunartíma, en öllum framhaldsskólum verður gert kleift að bjóða nemendum að taka fleiri námseiningar en skilgreindar verða til stúdentsprófs.

Skýrsla Starfsnámsnefndar kom fram eftir að umrætt skipunarbréf var skrifað og var hópnum falið að taka tillögur nefndarinnar til sérstakrar skoðunar, en tveir í starfshópnum áttu einnig sæti í Starfsnámsnefndinni. Eins og fram kemur í skipunarbréfi starfshópsins virðist áfram hafa verið gert ráð fyrir hugtökunum kjarna, kjörsviði og frjálsu vali, en í tillögum Starfsnámsnefndar virðist sem kjörsviðsshugtakinu sé vikið til hliðar. Hér er um mjög mikla breytingu að ræða sem virðist t.d. ekki eiga sér hliðstæðu á öðrum Norðurlöndum. Mikilvægt er í þessari umræðu að skýrt komi fram hvaða skilningur sé lagður í hugtakið stúdentspróf. Á það áfram að vísa til almenns bóklegs undirbúnings fyrir háskólanám eða á það að vera samheiti um lokapróf úr framhaldsskóla? Stundum er sagt að stúdentsprófið veiti engin réttindi, og er þá gjarnan vitnað til starfsréttinda, stundum lögvarinna, sem annað nám á framhaldsskólastigi veitir. Eigi að síður er það svo að stúdentspróf (eða önnur sambærileg menntun) veitir almenn réttindi til inngöngu í háskóla á Íslandi og, eftir atvikum, erlendis. Hingað til hefur verið um nokkuð afmarkað inntak að ræða sem miðast við að undirbúa viðkomandi fyrir nám á háskólastigi. Þannig segir m.a. í 19. gr. nýsamþykktu laga um háskóla (nr. 63/2006):

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Heimilt er háskólum að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Inntak og eðli stúdentsprófsins hefur eigi að síður breyst og þróast á undanförunum árum og áratugum enda hefur háskólastigið orðið æ fjölbreyttara.

Í samanburðarkönnun á skólakerfum á Íslandi, í Danmörku og í Svíþjóð sem Félagsvísindastofnun HÍ og Rannsóknarstofnun KHÍ unnu fyrir menntamálaráðuneytið 2002 kom m.a. fram að hvað námskröfur varðar væri nálgun námsins í framhaldsskólum meira út frá fræðigreininum sem slíkum á Íslandi og í Danmörku, en í Svíþjóð væri nálgunin meira út frá nemandanum og skólanámið virtist vera þar nær daglegu lífi og samfélagi. Umhugsunarefni er hvort þessi fræðilega nálgun eigi þátt í miklu brottfalli í íslenskum framhaldsskólum, m.a. í námi til stúdentsprófs. Í umtalsverðum breytingum á námsskrám sem tóku gildi í dönsku menntaskólunum haustið 2005 er gert ráð fyrir aukinni samþættingu náms og þannig dregið úr fyrri áherslum á fræðigreinaþingið nám.

Í skýrslu Starfsnámsnefndar er lögð áhersla á svokallað viðtökumiðað nám, þ.e. að framhaldsskólar og nemendur þeirra miði samsetningu stúdentsprófsins hverju sinni við kröfur háskólastigsins. Í viðtölum starfshópsins við fulltrúa einstakra háskóla kom fram að í mörgum tilvikum telja háskólarnir að mestu skipti almenn menntun stúdenta (og

Þá eigi hugsunin um viðtökumiðað nám síður við) en í öðrum tilvikum eru gerðar sértækari forkröfur um greinabundinn undirbúning, t.d. í verkfræði og raungreinum. Með almennri menntun var m.a. vísað til þeirra hæfileika og viðhorfa að vera tilbúinn til þess að leita svara við álitamálum, geta tjáð sig í ræðu og riti á móðurmálinu, og geta nýtt sér stærðfræði og ensku til náms almennt.

Tillögur starfshópsins gera ráð fyrir að útvíkka verulega almennt menntunarhlutverk stúdentsprófsins í átt til jafngildingar bóknáms og verknáms, án þess þó að gera það ónothæft til þess að veita stúdentum almennan rétt til náms á háskólastigi. Hér er m.a. vísað til þeirrar tillögu að auk íslensku, ensku og stærðfræði taki kjarninn til náms er vísar til þeirra lykilmálaþátta (Key competencies) sem m.a. Evrópusambandið og OECD hafa skilgreint. Almennt má segja að þessir færniþættir vísi síður til tiltekinnar þekkingar en fremur til ýmis konar færni og viðhorfa. Ljóst er að hér er þörf á sérstakri námskráargerð og áætlunargerð um endur- og símenntun kennara. Einnig má vísa til samþættra áfanga þar sem þverfagleg vinnubrögð og áhersla á verkefnabundna nálgun og þjálfun í úrvinnslu og miðlun niðurstaðna hafa verið ráðandi, t.d. í náttúruvísindum í Fjölbrautaskóla Suðurlands (NÁT106) síðan 2000, og í samskipta- og lífsleikniáföngum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurlands síðan 1989, en upphaf kennslu í síðastnefndu áföngunum má rekja til skýrslu nefndar um innra starf framhaldsskóla sem var gefin út af menntamálaráðuneytinu 1989.

Tillögur starfshópsins miða við að kjarninn nemi u.þ.b. þriðjungi af umfangi stúdentsprófsins, og er við það miðað að námskröfur í íslensku, ensku og stærðfræði verði ekki minni en í núverandi kjarna stúdentsprófsins. Borið saman við núverandi hlutfall kjarna í námi til stúdentsprófs hér á landi er það nú þegar mun lægra en í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Tillaga starfshópsins gerir samt sem áður ráð fyrir enn frekari minnkun kjarnans, þ.e. úr um 55% í u.þ.b. þriðjung. Einn fyrrnefndra lykilmálaþátta Evrópusambandsins snýr að erlendum málum, nánar tiltekið áherslu á að sem flestir tileinki sér a.m.k. tvö erlend tungumál. Í þessu sambandi bendir starfshópurinn á að skv. tölum Hagstofunnar er meira en helmingur þeirra íslensku stúdenta, sem stunda nám erlendis, við nám á Norðurlöndunum, og langflestir þeirra í Danmörku, sbr. töflu 1:

Tafla 1 Íslenskir háskólanemendur erlendis skv. gögnum LÍN um þá sem leita aðstoðar sjóðsins

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Háskólanem. alls erlendis	1770	1672	1623	1706	1811	1866	2097	2175	2237
Háskólanem. á Norðurlöndum	43	40	40	41	42	47	53	55	56
Háskólanem. í Danmörku	31	29	30	33	33	38	43	46	47

Sem fyrr segir virðist ekki gert ráð fyrir kjörsviðum eða sérhæfingu náms til stúdentsprófs skv. tillögum Starfsnámsnefndar. Enn er hér um að ræða eitthvað sem ekki á sér hliðstæðu í nágrannalöndunum. Í viðræðum við fulltrúa háskólastigsins kom m.a. fram það viðhorf að heppilegt kynni að vera að þriðjungur náms til stúdentsprófs væri bundinn í kjarna, þriðjungur væri bundinn sérhæfingu en þriðjungur væri val nemandans. Starfshópurinn hefur gert þessa tillögu að sinni.

Í tillögum Starfsnámsnefndar virðist ekki vera gert ráð fyrir hlutverki menntamálaráðuneytisins við skilgreiningu námsbrauta til stúdentsprófs, og er þar um veigamikla breytingu að ræða frá núverandi fyrirkomulagi þar sem þær eru skilgreindar í lögum og aðalnámskrá. Í starfshópnum kom fram sú hugmynd að þar sem í námskrám birtist í raun menntastefna stjórnvalda á hverjum tíma birti menntamálaráðuneytið viðmiðunarbrautir til stúdentsprófs, en einstakir skólar hafi umboð til að þróa eigin námsbrautir, m.a. í samvinnu við viðtökuskóla.

Sigurður Sigursveinsson

Fylgiskjal 2 Skipulag náms á unglíngastigi

Með lögum um grunnskóla 1974 var horfið frá því að líta á efstu árgangana í skyldunáminu sem sérstakt skólastig og þess í stað innleidd löggjöf sem gerði ráð fyrir 9 (síðar 10) ára heildstæðum grunnskóla. Áhersla var lögð á að grunnskólinn ætti að sinna öllum nemendum, óháð námsgetu og stöðu í námi. Rúmum 30 árum síðar er enn lífleg umræða um það hversu til hafi tekist gagnvart þessu markmiði, undanfarin ár m.a. undir merkjum einstaklingsmiðaðs náms. Aðalnámskrá grunnskóla var fyrst gefin út 1977 og síðan endurskoðuð 1989, 1999 og 2006-2007, en í aðalnámskrá kemur fram stefna menntamálayfirvalda varðandi áherslur í skólastarfinu.

Við námskrárgerð í kjölfar setningar grunnskólalaganna 1974 var m.a. lögð áhersla á samþættingu greina, sveigjanlega kennsluhætti og opinn skóla og þannig reynt að losa um áherslur sem tengdust einstökum (fræði)greinum og má hér greina viðleitni til að koma á móts við fjölbreyttari nemendahóp í kennslustofunni hverju sinni. Þegar kom fram á 9. áratuginn varð síðan um nokkra stefnubreytingu að ræða hjá menntamálayfirvöldum í námskrárgerð sem m.a. fól í sér að dregið var úr samþættingu. Við endurskoðun laganna 1990-1991 var hnykkð á þessu, sbr. eftirfarandi tilvitnun í greinargerð með frumvarpinu, en í henni kemur jafnframt fram umtalsverð stefnubreyting í þá veru að stórauka val nemenda á unglíngastiginu, þ.e. að verja mætti allt að helmingi námstímans í 8.-10. bekk í valgreinar og jafnframt mætti meta tímabundna þátttöku í atvinnulífinu á skólatíma sem nám:

Tilgangurinn með því að bjóða valkosti í námi er einkum sá að reyna að höfða til sem flestra nemenda. Vitað er að nemendur hafa ekki allir áhuga á því sama og erfitt er að vekja áhuga allra samtímis á sama viðfangsefni. Greinin á þó ekki við um almennt val í námi, t.d. um verkefni innan námsgreina, heldur um val milli námsgreina.

Þessi ákvæði úr löggjöfinni frá 1991 urðu ekki langlíf því að við endurskoðunina 1995 var ákvæðunum um valgreinar breytt þannig að nú skyldi einungis allt að þriðjungur námsins í 9.-10. bekk vera valfrjáls. Á síðustu árum má svo enn aftur greina viðleitni til að auka valið og þannig var gerð lagabreyting 2006 sem tók gildi 1. janúar 2007 þar sem þriðjungsákvæðið var einnig látið ná til 8. bekkjar, auk þess sem heimildir skólastjóra til að meta jafngildi skyldunámsgreina var aukið. Nýútgefin aðalnámskrá grunnskóla (des. 2006) tók hins vegar einungis tillit til þessarar lagabreytingar að hluta til, þ.e. ekki varð um viðbótarval að ræða heldur er fyrra umfangi valgreina dreift á þrjú ár í stað tveggja.

Á seinni árum hefur einnig mátt greina tilhneigingu í þá átt að fjalla um málefni grunnskólans undir hatti hugtakanna yngra stig, miðstig og unglíngastig. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 tók mið af þessu og var markmiðssetning í einstökum námsgreinum skilgreind sem markmið við lok 4. bekkjar, lok 7. bekkjar og lok 10. bekkjar, og þau nefnd áfangamarkmið. Á sérstöku málþingi, sem starfshópurinn stóð fyrir um málefni unglíngastigsins, kom m.a. fram það viðhorf að brýnt væri að útvíkka valgreinahugtakið þannig að það tæki einnig til breytilegs inntaks og viðfangsefna og fjölbreyttari kennslu- og námsaðferða. Var þetta m.a. sett fram í ljósi aukinnar áherslu á einstaklingsmiðað nám og fjölgreindarkenningar.

Umhugsunarefni er hvort ekki eigi að gera skipulag skólastarfs á unglíngastíginu enn sveigjanlegra en lög, námskrá og núverandi hefðir segja til um. Fyrst og fremst er hér um að ræða að útfæra markmið skólastarfsins með fjölbreyttari hætti en nú er að jafnaði gert, t.d. með því að losa enn meir um viðmiðunarstundaskrána, og útfæra þær breytingar í aðalnámskrá og síðan í skólanámskrám einstakra skóla. Fyrst og fremst er hér vísað til þess hóps sem virðist ekki ná að njóta sín við núverandi áherslur og starfshætti. Í dag setja stærðfræði, íslensk og erlend mál jafnmikinn svip á vikulega stundaskrá þessa hóps og hinna sem ná góðum tókum á þessum námsgreinum. Verulegt álitamál er hvort þetta samrýmist hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og að grunnskólinn eigi að koma á móts við ólíkar þarfir einstaklinganna.

Í tillögum starfshópsins um almenna námsbraut framhaldsskólans er gerð sú tillaga að markmiðslýsingu almennrar námsbrautar í aðalnámskrá framhaldsskóla verði breytt. Núverandi markmiðslýsing miðar m.a. að því að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum en í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir því að í meginmarkmiðum brautarinnar felist

að öllum ungmönnum sem lokið hafa grunnskóla gefist kostur á að stunda heildstætt framhaldsskólanám þar sem tekið er mið af hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.

Mikilvægt er að hugað verði að námskrárgerð fyrir sambærilegan hóp á unglíngastíginu sem feli í sér svipaðar áherslur. Lögð er áhersla á að nýta sér reynslu sem einstakir skólar kunnu að búa yfir á þessu sviði, og leitað verði einnig fanga erlendis, t.d. í Hollandi, þar sem góður árangur þykir hafa náðst gagnvart sambærilegum hópum. Hvers kyns smiðjuvinna þar sem áhersla er lögð á skapandi starf og hlutlæga nálgun eru sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi.

Sigurður Sigursveinsson

Fylgiskjal 3 Tenglar á meginfærniþætti og nýjar áherslur í námskrárgerð

Tilmæli Evrópusambandsins um lykilfærniþætti:

“Recommendation of the European Parliament and of the Council of 18 December 2006.” Official Journal of the European Union (2006/962/EC) I. 394/10:

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_394/l_39420061230en00100018.pdf

Yfirlit um skilgreiningu PISA á helstu færniþáttum sem liggja til grundvallar við mat á námi nemenda við lok grunnskóla.

Summary of the results of the OECD’s Definition and Selection of Competencies (DeSeCo) project, 30-June-2005: <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/47/61/35070367.pdf>

Rit um þá þætti menntakerfisins sem virðast hafa áhrif á frammistöðu nemenda skv. alþjóðlegu könnunum PISA, TIMSS og PIRLS

Jens Henrik Haahr, Thomas Kibak Nielsen, Martin Eggert Hansen, Sören Teglgård Jakobsen, 2005: *Explaining Student Performance: Evidence from the international PISA, TIMSS and PIRLS surveys*. Danish Technological Institute:

<http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/5/45/35920726.pdf>

Rit um nýjar áherslur í námskrárgerð í Danmörku

Henrik Busch, Nikolaj Frydensbjerg Elf, Sebastian Horst, 2004: *Fremtidens uddannesler*.

Den ny faglighed og dens forudsætninger. Uddannelsesstyrelsens temahæfteserie nr. 2- 2004:

<http://pub.uvm.dk/2004/fremtidens/pdf/Indhold.pdf>

Fylgiskjal 4 Gæðastarf í skólum - sjálfsmat skóla

Umræðan um mat á skólastarfi er ekki gömul á Íslandi þrátt fyrir að í flestum löndum í kringum okkur, svo sem í Bretlandi, hafi verið orðið til þróað matskerfi á sjöunda áratug 20. aldar. Mat á skólastarfi hér á landi fólst til skamms tíma einkum í samanburði á niðurstöðum úr samræmdum prófum. Skólar voru þá bornir saman við landsmeðaltal og metnir eftir námsstöðu nemenda. Þarna var því verið að beita lokamati á námsstöðu nemenda í bóklegum greinum við lok náms í grunnskóla. Ekkert tillit er tekið til þess hvernig undirbúningur nemenda er við upphaf skólagöngu eða hvaða virðisauki hefur orðið við nám í skólanum.

Árið 1995 var sjálfsmat grunnskóla lögbundið (Lög um grunnskóla, nr. 66/1995) og árið 1996 einnig í framhaldsskólum (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Þar segir í gr. 23:

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Á þessu var svo hnykket í reglugerð árið eftir nr. 139/1997 en þar segir í 2. gr.:

Menntamálaráðherra fylgist með því að skólar leggi reglulega mat á starfsemi sína og sér um að utanaðkomandi aðilar geri á fimm ára fresti úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Sama ár gaf menntamálaráðuneytið út leiðbeiningaritið Sjálfsmat skóla; leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. Í því riti er sagt um sjálfsmat að það eigi að vera markmiðstengt og að þau markmið eigi að tengjast lögum, reglugerðum, uppeldisáætlanum, aðalnámskrám og þeim markmiðum sem skólarnir sjálfir hafa. Þar er einnig talað um viðurkenndar sjálfsmatsaðferðir.

Í skólastefnu Kennarasambands Íslands fyrir árin 2005-2008 er kafli um sjálfsmat framhaldsskóla sem er svohljóðandi:

Meginmarkmiðið með sjálfsmati skóla er að bæta skólastarf. Skólanámskrá hvers framhaldsskóla skal vera grundvöllur sjálfsmats hans, en skýr markmið eru forsenda mats á árangri. Hver framhaldsskóli mótar sínar matsaðferðir en tryggja verður að matið sé samanburðarhæft milli skóla og tímabila.

Af ofangreindum tilvitnunum má sjá að meginstefnan er ljós. Á þeim tíu árum sem liðin eru síðan sjálfsmat skóla var lögfest hér á landi hafa skólarnir safnað miklum gögnum um starf sitt en starfshópurinn hefur spurt sig hvort og þá hverju sjálfsmatið hefur breytt innan þeirra. Er matið leiðbeinandi, hefur það bætt skólastarfið, hafa niðurstöður þess verið notaðar sem forsendur breytinga eða ákvarðanatöku, hverju breytir sjálfsmatið fyrir kennara, kjarnastarfsemi skóla og nám nemenda? Hefur sjálfsmatið e.t.v. fremur falist í því að safna gögnum fyrir sjálfsmatsskýrslur og úttektir ráðuneytisins?

Svör við þessum spurningum liggja ekki fyrir þar sem úttekt menntamálaráðuneytis á árunum 2002 og 2003 snerti aðeins þá aðferðafræði sem skólarnir nota við matið en ekki hver áhrif þess væri á starf þeirra.

Lagt er til að unnin verði úttekt í nokkrum framhaldsskólum, sem þegar hafa þróað sjálfsmatskerfi, til að leita svara við ofangreindum lykilspurningum. Benda má á nýlega viðhorfskönnun meðal kennara í fimm íslenskum framhaldsskólum (Sigurborg Matthíasdóttir MA-ritgerð, júní 2006) þar sem 206 framhaldsskólakennarar voru spurðir um viðhorf sitt til sjálfsmats. Niðurstöður þessa voru að orðræða kennara er að breytast í þá átt að starf að sjálfsmati sé sjálfsagður hluti af því að vera faglegur kennari. Sífellt stærri hluti þeirra telur sjálfsmat jákvætt en að það sem standi sjálfsmati fyrir þrifum er að ekki sé gert ráð fyrir þeim tíma sem vel unnið sjálfsmat taki.

Allar rannsóknir segja okkur að jákvætt viðhorf lykilstarfsmanna skólanna, kennara, sé nauðsynlegt til þess að sjálfsmat verði árangursríkt og leiði til skólaþróunar. Því er lagt til að stjórnendur skóla og yfirvöld menntamála eigi að ýta undir og nýta þann jákvæða meðbyr sem augljóslega er að skapast innan skólanna til sjálfsmats.

Tekið er undir þá stefnumörkun sem sett hefur verið fram að hálfu menntamálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um sjálfsmat í skólustarfi en framkvæmdin virðist á köflum óljós sem leitt hefur til þess að mörg „kerfi“ hafa orðið til innan skólanna og mjög misjafnt er hvað er mælt.

Það orkar tvímælis að hver skóli móti að öllu leyti sitt sjálfsmatskerfi heldur verði lögð áhersla á að unnið verði með viðurkennd sjálfsmatskerfi sem byggja á hugmyndum matsfræðinnar og uppfylla kröfur um fagmennsku og gæði.

Í ljósi þeirra breytinga sem starfshópurinn leggur til á námsskipulagi grunn- og framhaldsskóla, með útvíkkun á almennu menntunarhlutverki stúdentsprófsins og því að skólunum verði falið að skipuleggja námsframboð sitt í samræmi við viðtökumiðað nám, er hér gerð tillaga um aukið vægi sjálfsmats í skólum.

Áhersla er lögð á að skólar móti sér skýrari viðmið um sjálfsmat m.a. með því að skilgreina helstu verkferla í starfinu, starfslýsingar og mælanleg markmið. Þá þurfa reglur um innri úttektir, rýni og mat að vera skráðar ásamt því hvernig farið skuli með frábrigði, ábendingar og kvartanir þannig að það leiði til úrbóta og bættrar starfsemi skólans.

Lagt er til að skólunum verði veittur stuðningur í þessu starfi m.a. í formi fjármuna og fjölbreyttrar og faglegrar ráðgjafar, námskeiða og leiðsagnar í sjálfsmatsaðferðum og við úrvinnslu sjálfsmats. Það þarf að rækta og hlúa að því frumkvæði sem skólarnir og kennarar hafa tekið og skapa þeim viðeigandi aðstæður.

Með öflugum sjálfsmati skóla, ásamt úttektum og ytra mati, verður hægt að tryggja gæði skólastarfsins, í þágu nemenda.

Margrét Friðriksdóttir

Fylgiskjal 5 Fagháskólar

Er það nám sem í boði er á háskólastigi í samræmi við þarfir atvinnulífs og nemenda?

Núverandi háskólar á Íslandi eru rannsóknarháskólar og þeim er ætlað að vera í senn rannsóknastofnun og vísindaleg fræðslustofnun. Allir kennarar hafa skyldu til rannsókna jafnhliða kennslu og í öllum námsgreinum er fyrst lagður traustur fræðilegur grunnur áður en námið sveigist að þjálfun til sérhæfðs starfs eða rannsókna og lokaprófi eftir 3 til 4 ár hið minnsta. Þessi mikli fræðilegi grunnur er ekki nauðsynlegur í öllu námi á háskólastigi og mörgum nemendum ofviða sem vilja fyrst og fremst áframhaldandi menntun í fagnámi að loknu starfsnámi í framhaldsskóla.

Því vantar fagnám að loknu starfsnámi sem leggur minni áherslu á fræðilegan grunn og rannsóknir en beinist að verkmenntun og þjálfun til starfa. Þversögnin í námsframboði á háskólastigi hér á landi felst í því að núverandi háskólar eru allir rannsóknarháskólar og standa aðeins stúdentum opnir (með örfáum undantekningum þó).

Íslenskt stúdentspróf er í dag 140 einingar.

Nemi sem útskrifast úr iðnnámi/starfsnámi með sama einingafjölda eða jafnvel umtalsvert fleiri einingar - allt upp í 204 einingar- á ekki greiða inngöngu (í raun mjög ógreiða) í háskóla á Íslandi af því að hann hefur ekki lokið stúdentsprófi. Er þetta hægt!?

Ef horft er til Finnlands, sem þykir í dag standa framarlega á flestum sviðum menntamála, stundar um einn þriðji hluti nemenda nám í rannsóknarháskólum og tveir þriðju í fagháskólum eða öðrum háskólum sem bjóða skemmri verkmenntun. Markmið Finna er að auka gæði og virðingu verk- og fagmenntunar, styrkja almennan þekkingargrunn þeirra sem hljóta þjálfun til sérhæfðra starfa og tengja nám þörfum atvinnuvega í hverju héraði.

Sömu sögu er að segja í Bandaríkjunum þar sem um helmingur nemenda stundar nám eftir framhaldsskóla í skólum sem nefnast "community colleges". Þeir skólar leggja litla áherslu á rannsóknir en bjóða nám með lokapróf eftir tvö ár. Þeir bjóða fjölbreytta verkmenntun auk almennra námskeiða sem stúdentar geta fengið metin sem byrjun á lengra námi í öðrum skólum.

Íslendingar eiga enga skóla af þessu tagi! En gætu auðveldlega komið þeim upp með því að heimila verkmenntaskólum og fjölbrautaskólum að bjóða upp á sérhæft nám á sínu faggreinasviði að loknu stúdentsprófi, sveinsprófi eða öðrum skilgreindum starfsnámsbrautum að uppfylltu ákveðnu lágmarki. Slíkir skólar myndu sérhæfa sig í þeirri verkmenntun sem fyrir er í skólanum og/eða því námi sem þörf er fyrir á viðkomandi landssvæði. Fagháskólinn er í sama húsnæði og framhaldsskólinn og nýttir húsnæði og kennslukrafta sem þegar eru við framhaldsskólann.

Í tillögum starfsnámsnefndar er gert ráð fyrir að fagháskólinn verði sjálfstætt skólastig í framhaldi af framhaldsskólanum með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Námið verði opið öllum nemendum sem ljúka framhaldsskóla.

Nokkrir framhaldsskólar bjóða nú þegar upp á nám eftir framhaldsskóla þar sem gerð er krafa um stúdentspróf, sveinspróf eða sambærilega menntun til inngöngu. Þar má nefna meistaranám iðngreina, leiðsögunám, ferðamálanám o.fl.

Margrét Friðriksdóttir

Fylgiskjal 6

Yfirlit um ISCED-97 flokkun menntunar

Lýsing á ISCED-97 stigum, flokkunarskilyrðum og viddum				
0	LEIKSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Viddir
	Fyrsta stig skipulagðrar kennslu sem felur í sér fyrst og fremst að kynna ungum börnum skólaumhverfi.	Námið fer fram í leikskóla eða grunnskóla og ætli að mæta þroska- og menntunarför barna sem eru þriggja ára hið minnsta. Starfsmenn skulu búa yfir fullnægjandi menntun til að sjá um skipulagt nám barnanna.	Uppeldisfræðileg menntun starfslióds við kennslu. Starfsemin er á grundvelli námskrár.	
1	BARNASKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Viddir
	Hefur að jafnaði þann tilgang að veita nemendum trausta grunnenntun í lestri, skrift og reikningi. [Hér á landi er nám í 1.-7. bekk grunnskóla talið til barnaskólastigs.]	Upphaf skipulegs náms sem dæmigert er fyrir grunnskóla, s.s. í lestri, skrift og stærðfræði. Upphaf lestrar-kennslu er ekki eitt og sér fullnægjandi skilyrði til að nám teljist á barnaskólastigi.	Í löndum þar sem skyldunám hefst síðan en skipulögð kennsla í áðurgreindum námsgreinum hefst, skal miða skil milli leikskólastigs og barnaskólastigs við aldursviðmiðun skyldunámsins.	
2	UNGLINGASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Stefna náms Áhersla náms
	Framhald grunnskólanáms. Algengt er að kennslan sé frekar miðuð við tilteknar námsgreinar en á barnaskólastigi og að kennarar kenni á sínu sérsviði. [Hér á landi er nám í 8.-10. bekk grunnskóla talið til unglingsstigs.]	Nám í byrjun þessa stigs ætli að endurspeglja þau hvort þegar skipulag náms fer í ríkara mæli að mótast eftir námsgreinum. Kennarar kenna námsgreinar sem þeir hafa sérþekkingu á. Ef færslan á milli barnaskóla- og unglingsstigs endurspeglar ekki formleg skil í skipulagi skólakerfis landsins, skal miða skiptingu milli stiga við það þegar skólakerfið fer að taka á sig ofangreind einkenni.	Ef engin skil eru til staðar í skólakerfinu, þá skal skipta grunnskólanámi þannig að fyrstu sex ár grunnskólanáms teljist til barnaskólastigs. [Hér á landi hefur verið farn sú leið að telja fyrstu sjö ár grunnskólanáms til barnaskólastigs]. Í löndum þar sem engin skil eru á milli unglingsstigs og framhaldsskólastigs og þar sem nám á síðara stiginu er lengra en þrjú ár, skal einungis telja fyrstu þrjú ár náms að loknu barnaskólastigi til unglingsstigs.	A Námskipan lýtur að undirbúningi nemenda fyrir nám á framhaldsskólastigi og háskólanám. Því loknu, þ.e. námið veitir aðgang að námi á stigi 3A eða 3B. B Námskipan miðast við undirbúning og veitir aðgang að námi á stigi 3C. C Námskipan lýtur fyrst og fremst að því að veita aðgang að störfum á vinnumarkaði að námi loknu.
3	FRAMHALDSSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Nám sem samanstendur af fleiri en einu valsviði (á ekki við íslenska skólakerfið)	Stefna náms Áhersla náms
	Kennslan er alla jafna skipulögð eftir námsgreinum í ríkara mæli en á unglingsstigi og kennararnir hafa almennt meiri sérmenntun á fagsviði sínu. Það er mikill munur bæði innan landa og á milli þeirra á lengd náms á framhaldsskólastigi. Dæmigert er að nám á þessu stigi taki frá tveimur upp í fimm ár.	Skil innlenda skólakerfisins milli grunnskóla og framhaldsskóla ræður alla jafna skiptingu milli unglingsstigs og framhaldsskólastigs. Aðgangur að námi á framhaldsskólastigi krefst venjulega að námsmaður hafi lokið námi á unglingsstigi. Reynsla ásamt grunnnámi sem talin er fullnægjandi til að nemandi ráði við nám á framhaldsskólastigi getur þó veitt aðgang.	Í sumum löndum geta nemendur lokið námi á framhaldsskólastigi með því að velja námsleið sem er samsett úr fleiri en einu valsviði, s.s. fyrsta ár iðnáms, annað árið félagsfræðinám o.s.frv. Ólík samsetning valsviða getur þýtt að ekki er unnt að tilgreina stefnu náms eða áherslu þess m.t.t. hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða. Slíkt nám skal flokkað á framhaldsskólastig án þess að tilgreina stefnu þess eða áherslu.	A Námskipan á ISCED-stigi 3A lýtur að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A). B Námskipan á ISCED-stigi 3B miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B). C Námskipan á ISCED-stigi 3C miðar ekki að því að veita beinan aðgang að námi á háskólastigi. Nám á þessu stigi leiðir til starfa á vinnumarkaði, náms á viðbótarstigi eða frekara náms á framhaldsskólastigi.
4	VIÐBÓTARSTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Tegundir náms sem falla á stig 4	Stefna náms Áhersla náms
	Nám á þessu stigi er á mörkum þess að teljast til framhaldsskólanáms og náms á háskólastigi í alþjóðlegu samhengi þótt skilgreining námsins sé oft skýr innan skólakerfis hvers lands. Í námi á þessu stigi eru ekki endilega gerðar meiri kröfur til nemenda en á framhaldsskólastigi. Námið hefur hins vegar þann tilgang að veita nemendum sem lokið hafa námi á því stigi breiðari þekkingu. Dæmigert er að nemendur á viðbótarstigi séu eldri en	Að jafnaði hafa nemendur sem hefja nám á viðbótarstigi lokið námi á framhaldsskólastigi. Námstími: Dæmigert lengd náms á viðbótarstigi í fullu námi getur verið frá sex mánuðum upp í tvö ár.	Fyrsta tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám þar sem innihald náms gerir það að verkum að ekki er unnt að skilgreina námið sem nám á háskólastigi eða að námstíminn er ekki nægjanlega langur til að falla undir ISCED-stig 5B (a.m.k. tvö ár í full). Nám á þessu stigi er að jafnaði miðuð við nemendur sem lokið hafa framhaldsskólastigi, þó að þess sé ekki endilega formlega krafist að nemendur hafi lokið námi á því stigi. Önnur tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám sem samkvæmt uppbyggingu innlenda skólakerfisins er á framhaldsskólastigi, jafnvel þó að nemendur á þessu stigi hafi þegar lokið námi í framhaldsskóla.	A Nám á viðbótarstigi sem miðar að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A). B Nám á viðbótarstigi sem miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B). C Nám á viðbótarstigi sem miðar ekki að því að veita aðgang að fræðilegu eða starfsmiðuðu háskólanámi. Þetta nám leiðir beint til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á viðbótarstigi.

5	HÁSKÓLASTIG	Flokkunarskýrði ISCED-stiga 5A og 5B		Samanlögð lengd námstíma á háskólastigi skv. námsskipan	Gráðuröð skv. innlendi námsskipan
	Innihald náms á háskólastigi er á hærra menntunarsligi en það nám sem flokkast á framhaldsskóla- og viðbótarstig.	Aðgangur að námi á þessu stigi krefst að jafnaði þess að námi hafi verið lokið á stigi 3A eða 3B eða að sambærilegar kröfur hafi verið uppfylltar á stigi 4A eða 4B.			
5A	Fræðilegt háskólanám. Nám á ISCED-stigi 5A er að verulegu leyti fræðilegt og markmið þess er að bjálfa hæfni sem veitir rétt til aðgangs að rannsóknamámi og að störfum þar sem krafist er sérþekkingar á háu stigi.	Lágmarks lengd samanlagðs námstíma á háskólastigi skv. námsskipan (miðað við fullt nám) er þrjú ár. Kennslustofnunin þar sem námið fer fram skal vera viðurkennd sem rannsóknarstofnun. Í námi á þessu stigi getur falist rannsóknarverkefni eða rannsóknarritg.	Nám á þessu stigi leiðir til menntunar sem gerð er krafa um í sérfræðisstörfum og í rannsóknarnámi.	Flokkun eftir lengd náms: Meðallangt: 3 til <5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.	Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærrí (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.
5B	Starfsmiðað háskólanám. Nám á ISCED 5B er almennt hagnýtara, tæknilegra eða starfsmiðaðra en fræðilegt háskólanám (5A).	Námið er í ríkara mæli hagnýtara og starfsmiðaðra en í fræðilegu háskólanámi (5A) en undirbýr námsmenn ekki undir beinan aðgang að doktorsstigi (6). Lágmarks námstími í fullu námi á námsleiðum sem teljast til starfsmiðaðs háskólanáms er tvö ár.	Innihald námsins miðar alla jafna að undirbúningi námsmanna undir tiltekið starfssvið.	Flokkun eftir lengd náms: Stutt: 2-<3 ár Meðallangt: 3-<5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.	Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærrí (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.
6	DOKTORSSTIG				
	Nám til rannsóknargráðu (doktorsgráðu) á háskólastigi. Námið er framhaldsnám á háskólastigi og miðar að sjálfstæðum rannsóknum.	Á stiginu er gerð krafa um rannsóknarritgerð, sem er hæf til útgáfu, byggð á sjálfstæðum rannsóknum og felur í sér verulegt framlag til þekkingar. Námið er ekki eingöngu byggt upp með námskeiðum.	Undirbýr námsmenn undir rannsóknar- og/eda kennarastöður við háskóla sem bjóða upp á fræðilegt háskólanám (5A) og jafnframt rannsóknarstöður hjá hinu opinbera og í atvinnulífnum.		

Fylgiskjal 7 Greinargerð undirhóps um málefni unglíngastígsins

Undirhópur vegna grunnskólans skipaður fulltrúum FG og SÍ leggur til við starfshóp um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs að:

- Auka þarf fjölbreytni í námi á unglíngastígi þannig að nám sé við hæfi allra nemenda og tillit sé tekið til námsgetu einstaklingsins með fjölbreyttum kennsluháttum. Til þess að þetta megi raungerast þarf að leggja umtalsvert meira fjármagn í grunnskóla landsins. Til þess að nemendur njóti jafnréttis til náms þarf grunnskólinn að huga að getu einstaklingsins til þess að nema og bregðast við með fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi. Þess vegna verður að horfa til þess að bráðgerir nemendur sem og nemendur með sérþarfir (skóli án aðgreiningar) þurfa að fá þjónustu við hæfi þó svo að hún kosti meira heldur en hinn dæmigerði meðalnemandi kostar. Þetta þýðir að skólar þurfa í auknum mæli að ráða til sín sérfræðinga til að sinna nemendum með sérþarfir en ekki kaupa til þess ófaglærða starfsmenn og einnig hitt að aukinn kostnaður fylgir því að bráðgerir nemendur fái tilboð við hæfi þar sem leita þarf út fyrir skólann í leit að þjónustu, eða að þjónustan er veitt innan skólans en í litlum hópum sem er eðlilegri valkostur að okkar mati.
- Auka þarf verulega náms- og starfsráðgjöf. Með auknu valfrelsi er nauðsynlegt að nemandanum standi slík ráðgjöf til boða, þá þegar nemandinn telur þörf á slíkri aðstoð.
- Fella niður samræmd próf í núverandi mynd. Kanna kosti þess að taka upp einstaklingsbundin tölvutengd könnunarpróf (ETK) sem nýtist grunnskólanum til þess að meta námsframvindu nemendum á öllum skólastigum (unglíngastígi).
- Skólaskylda í 10 ár, 6 – 16 ára aldurs.
- Fræðsluskýlda frá 16 – 18 ára aldurs. Þá eiga allir nemendur rétt á viðtöku í framhaldsskóla.
- Krafan um fjölbreytta kennsluhætti (einstaklingsmiðað nám) er komin til að vera eða mun að öllum líkindum eflast frekar en hitt, þá þarf að auka eða efla möguleika kennara til að geta sinnt öllum nemendum. Það ætti að gera með því að minnka nemendahópa (bekki), taka upp tveggja kennara kerfi sem er miðað við einhvern hámarksfjölda í hóp (bekk), minnka kennsluskýldu kennara og auka til muna alla fagaðstoð eða stuðningsþjónustu.
- Efla þarf list- og verkgreinar á unglíngastígi og gera þær að raunverulegu mótvægi við bóknám. Með orðinu efla er átt við að staðið sé við kröfu námskráa þessara greina í grunnskólunum en ekki dregið úr þar sem kostnaður sé of mikill. Með orðinu efla er einnig átt við að gera þessum greinum hærra undir höfði en nú er gert. Sveitarfélögin þurfa að taka sig á hvað þetta varðar.

- Skilgreina þarf nákvæmlega hvenær og hvernig nemandi lýkur námi í grunnskóla og telst hæfur til þess færast á milli skólastiga. Spurningin um hvenær er hann það, það gæti verið tengt aldri og félagsþroska, en spurningin um hvernig er tengd námsframvindu og hver eru lágmarksviðmið námskrár um að nemandi hafi lokið grunnskólanámi í heild sinni.
 - Hægt að útskrifa nemenda úr einstökum greinum grunnskólans samkvæmd ákvæðum námskrár fagsins. Gæti verið byggt á námsmati í 8., 9. og 10. bekk. (ETK prófum)
 - Grunnskólar geti aukið möguleika nemenda til að fást við námsefni framhaldsskólans í grunnskólanum og ljúka námsáföngum á skilgreindan hátt sem nýtist þeim síðar í námi í framhaldsskóla. Námið sé á forsendum grunnskólans og sé nemendum að kostnaðarlausu enda á grunnskólinn að bjóða upp á nám við hæfi til 16 ára aldurs.
 - Formgera þarf þann valkost nemenda til að færast milli skólastiga yngri en 16 ára. Þetta þarf að tengjast skilgreiningu á formlegri útskrift úr grunnskóla.
 - Auka þarf fjölda og vægi valgreina í unglingsáttunda, þ.e. hafa þarf viðmið lægri þannig að greinar falli ekki niður vegna þess að þátttaka er ekki næg.
 - Auka val nemenda eða tryggja að lagaákvæði um val sé raungert.
- Starfsaðstæður í skólum þurfa að vera með þeim hætti að hægt sé að uppfylla kröfu námskrár í öllum kennslugreinum grunnskólans og þær sniðnar að því að taka á móti nemendum með mismunandi námsgetu.
- Það er skoðun FG að starfsaðstæður þurfa að þróast með þeim hætti að kennarinn geti sinnt öllu sínu starfi í grunnskólanum. Þetta þýðir að hann þarf að hafa starfsstöð, skrifstofu, þar sem hann getur unnið að undirbúningi og úrvinnslu kennslu ásamt því að sinna öðrum kennslutengdum störfum s.s. skráningu upplýsinga eða sinna samskiptum við foreldra.

Til frekari útskýringar á því hver er hugsun undirhópsins, er rétt að fram komi að þessar áherslur eru að mati nefndarinnar í samræmi við það sem lesa mátti út úr málþinginu um málefni grunnskólans þ.e. að efla grunnskólann enn frekar til að skila sínu lögbundna hlutverki.

Varðandi það hvort nemendur eigi að geta flust upp úr framhaldsskóla ári fyrr en nú er, þá er ástæða til að undirstrika að í þessum tillögum er verið að gefa ákveðið val um að útskrifast fyrr eða að geta lokið framhaldsskólaáföngum í grunnskólanum. Sé seinni kosturinn valinn (grunnskólinn) er verið að sneiða hjá þeim félagslegu óskostum sem flutningur upp í framhaldsskóla getur haft í för með sér. Þá er grunnskólinn að sinna sínu hlutverki. Verði það valkostur að útskrifast eftir 9. bekk þarf að svara ýmsum spurningum, eins og minnst er á í punktunum. Þarna þarf að ræða kröfur til nemenda, innihald náms og áherslur, hugsanlega samvinnu skóla um slíkt úrræði, kostnað og margt fleira.

Undirhópurinn telur rétt að fram komi að réttur nemenda með félagslega og námslega erfiðleika sé virtur í grunnskólanum. Grunnskólinn hefur undanfarin ár fengið aukið fjármagn til að sinna þessum hópi og gengið er út frá því að það sé skýlaus réttur

nemenda sem þannig er ástatt fyrir að fá þjónustu við hæfi í grunnskólanum. Nemendur í hinum endanum, þeir sem hafa mikla námsgetu hafa setið eftir og finnst undirhópnum að grunnskólinn eigi að hafa metnað til þess að sinna þeim betur í grunnskólanum, en ekki senda þá í framhaldsskólann, því ekki er sjálfsgefið að það sé þeim fyrir bestu.

Með öðrum orðum: Gróft metið er grunnskólinn að sinna þremur hópum nemenda, þeim getulitlu, meðalnemendum og þeim getumeiri. Nú er lögð meiri áhersla á að sinna þeim getulitlu og meðalnemendum. Foreldrar hafa val um sérskóla eða önnur úrræði fyrir þá. Það sama á að gilda um þá getumeiri. Grunnskólinn á að fá fjármagn og aðstæður til að sinna þeim jafnvel, þó svo að foreldrar og nemendur geti valið það að útskrift verði eftir 9. bekk.

Undirhópurinn tekur undir margt af því sem fram kemur í drögum að skýrslu nefndarinnar og telur flest af því sem hér kemur fram falla vel að því sem þar kemur fram. Einnig tekur hópurinn undir flest af því sem fram kemur í fundargerð 19 og bókað er sem athugasemdir frá Félagi framhaldsskólakennara.

Ólafur Loftsson

Þórður Kristjánsson

Fylgiskjal 8

**Viðhorf hagsmunaaðila til málefna
unglingastigsins**

Málþing haldið 20. nóvember 2006

**Viðhorf hagsmunaaðila
til málefna
unglingastigsins**

Tekið saman af Björgu Pétursdóttur

Efnisyfirlit

Inngangur	22
Framkvæmd og umfang málþingsins.....	25
Skipan skólastiganna.....	26
Grunnskólanemendur í framhaldsskólanámi.....	26
18 ára sjálfræðisaldur.....	26
Rekstur og lagaumhverfi skólastiganna.....	27
Valgreinar og val.....	27
Bóknám-verknám.....	27
Aukið val.....	28
Próun.....	28
Skipulag skólastarfs.....	29
Líðan og velferð nemenda.....	29
Próunarstarf - skipulag skólastarfsins.....	29
Áfangakerfi á unglingsstigi.....	29
Samræmd próf.....	30
Námsmat.....	30
Gæðamat.....	31
Kennaramenntun og starfsumhverfi.....	31
Lokaorð	31

Inngangur

Þann 2. febrúar 2006 undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambands Íslands samkomulag um Skólastarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar. Verkefnastjórn samningsaðila tók skömmu síðar til starfa við að útfæra samkomulagið og erindisbréf einstakra starfshópa og nefnda. Í kjölfarið voru settir á stofn nokkrir starfshópar og nefndir til að vinna að þessu verkefni. Einn starfshópanna fjallaði um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs í grunn- og framhaldsskólum og er þessi samantekt fylgiskjal við skýrslu starfshópsins. Hópurinn starfaði frá því í ágúst 2006 til mars 2007. Hópurinn ræddi m.a. inntak stúdentsprófsins við fulltrúa háskóla landsins, hélt lokað málþing með helstu hagsmunaaðilum um málefni unglingsstigsins og lét gera könnun á námi á skilum skólastiga.

Í þessu fylgiskjali við skýrslu starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs er greint frá helstu niðurstöðum málþingsins.

Til viðkomandi

Reykjavík, 7. nóvember 2006

Í febrúar sl. undirrituðu menntamálaráðherra og formaður Kennarasambands Íslands samkomulag um tíu skref til sóknar í skólamállum. Fjölmargir starfshópar hafa unnið að útfærslu þessara sóknarfæra undanfarna mánuði. Einn þeirra hefur unnið sérstaklega að ýmsum álitamálum varðandi nám á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla. **Það hefur orðið að ráði í þessu sambandi að boða til lokaðs málþings um málefni unglिंगastigsins, þ.e. efri bekkja grunnskóla, en sl. vetur var haldið sambærilegt málþing um málefni leikskólans og þótti það takast mjög vel.**

Ákveðið hefur verið að varpa fram nokkrum spurningum og álitamálum en hver og einn málþingsgesta verður beðin um að hafa örstutta (ca. 1-2 mín.) framsögu um það sem viðkomandi telur brýnustu umbótamál á unglिंगastigi grunnskóla. Síðan er gert ráð fyrir hringborðsumræðu um málefnið. Það er von starfshópsins að málþingsgestir geti staðsett efni framsögu sinnar innan þessara álitamála en auðvitað má taka málið öðrum tókum. **Til þess að málþingið verði sá leiðarvísir í vinnunni framundan sem vonast er til er þó nauðsynlegt að málþingsgestir takmarki sig við mál sem snerta nám og námsmarkmið, námsframboð, námsskipan og mál því tengd s.s. mörk skólastiga, náms- og starfsráðgjöf, starfsaðstæður, réttindi og líðan nemenda á unglिंगastigi grunnskóla.**

Málþingið fer fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu mánudaginn 20. nóvember kl. 11-15. Boðið verður upp á léttan hádegisverð á staðnum.

Til málþingsins er boðið aðilum víða að úr þjóðfélaginu og fylgir hér með listi yfir aðila sem boðið er. Vinsamlega láttu vita hvort þú getur þegið þetta boð með því að senda tölvupóst á netfangið sigurdur.sigursveinsson@mri.stjr.is eigi síðar en fimmtudaginn 16. nóvember.

f. h. starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs,

Sigurður Sigursveinsson formaður

Til málþingsins er boðið fulltrúum frá Kennarasambandi Íslands, Heimili og skóla – landssamtök foreldra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Námsmatsstofnun, Landlækni, Samfés, BUGL, Barnaverndarstofu, Umboðsmanni barna, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samtökum fámennra skóla, Samtökum sjálfstæðra skóla, Grunni – samtökum skólaskrifstofa, Þroskahjálp og fulltrúa Nýbúafræðslu auk starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs, verkefnisstjórn vegna samkomulags menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands og formönnum starfshópa um almenna námsbraut og um fjar- og dreifnám.

Seinna bréfið var svohljóðandi:

Til viðkomandi

Reykjavík, 13. nóvember 2006

Vísað er til bréfs dags. 7. nóvember varðandi málþing um málefni unglingsstigsins, þ.e. efri bekkja grunnskóla, sem haldið verður næstkomandi mánudag, 20. nóvember kl. 11-15 í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

Eins og fram kom í bréfinu er gert ráð fyrir að málþingsgestir hafi örstutta (ca. 1-2 mín.) framsögu um það sem viðkomandi telur brýnustu umbótamál varðandi þróun grunnskólans.

Til frekari glöggvunar er beðið um að þátttakendur velti því fyrir sér hvernig þeir sjái grunnskólann þróast hvað varðar:

**fjölbreytni/sérhæfing náms
valgreinar
sveigjanleiki náms
hlutur verk- og listgreina
bekkjarkerfi/áfangakerfi
námsmat/samræmd próf
fagmenntun kennara
starfsumhverfi
samtímis nám á tveim skólastigum
mismunandi námshraði/einstaklingsmiðað nám.**

Karl Kristjánsson deildarstjóri skóladeildar menntamálaráðuneytisins mun stýra málþinginu.

Minnt er á að óskað er eftir skráningu á málþingið eigi síðar en fimmtudaginn 16. nóvember með því að senda tölvupóst á netfangið sigurdur.sigursveinsson@mrn.stjr.is.

f.h. starfshópsins um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs, Sigurður Sigursveinsson, formaður

Til málþingsins er boðið fulltrúum frá Kennarasambandi Íslands, Heimili og skóla – landssamtök foreldra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Námsmatsstofnun, Landlækni, Samfés, BUGL, Barnaverndarstofu, Umboðsmanni barna, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samtökum fámennra skóla, Samtökum sjálfstæðra skóla, Grunni – samtökum skólaskrifstofa, Þroskahjálp og fulltrúa Nýbúafræðslu auk starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs, verkefnisstjórn vegna samkomulags menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands og formönnum starfshópa um almenna námsbraut, um fjar- og dreifnám og nefndar um heildarendurskoðun grunnskólalaganna.

Framkvæmd og umfang málþingsins

Þeir sem mættu á málþingið auk starfshópsins, starfsmanns hans og fundarstjóra voru:

Anna Kristín Sigurðardóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Anna María Gunnarsdóttir	Félag framhaldsskólakennara
Ágústa Ingpórsdóttir,	Félag náms- og starfsráðgjafa
Ársæll Guðmundsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Birna Bergsdóttir	Þroskahjálp
Björg Bjarnadóttir	Félag leikskólakennara
Bryndís Guðmundsdóttir	Barnaverndarstofa
Eiríkur Hermannsson	Grunnur – samtök skólaskrifstofa
Elna Katrín Jónsdóttir	Verkefnisstjórn vegna samkomulags menntamálaráðherra og KÍ
Guðbjörg Aðalbergsdóttir	Formaður starfshóps um fjar- og dreifnám
Guðrún Ebba Ólafsdóttir	Formaður nefndar um heildarendurskoðun laga um grunnskóla
Hafdís Ingvarsdóttir	Háskóli Íslands
Hanna Hjartardóttir	Skólastjórafélag Íslands
Hulda Karen Daniélsdóttir	Nýbúafræðsla
Jón Pétur Ziemsen	Félag grunnskólakennara
Júlíus K Björnsson	Námsmatsstofnun
Kristinn Breiðfjörð	Skólastjórafélag Íslands
Kristín Hreinsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Kristín Jónsdóttir	Kennaraháskóli Íslands
María Kristín Gylfadóttir	Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Ólafur Sigurðsson	Formaður starfshóps um almenna námsbraut
Ólafur Þór Ólafsson	Samfés
Salbjörg Bjarnadóttir	Landlæknisembættið
Sigrún Ágústsdóttir	Félag náms- og starfsráðgjafa
Sigurjón Mýrdal	Verkefnisstjórn vegna samkomulags menntamálaráðherra og KÍ
Steinunn Theódórsdóttir	Samtök sjálfstæðra skóla
Þórður Árni Hjaltsted	Félag grunnskólakennara

Málþingið var haldið í Þjóðmenningarhúsinu. Það hófst kl. 11 og var lokið kl. 15. Fyrir hádegishlé voru málþingsgestir beðnir um að velta því fyrir sér hvernig þeir sæju grunnskólann þróast hvað varðar: fjölbreytni/sérhæfing náms, valgreinar, sveigjanleika náms, hlutur verk- og listgreina, bekkjarkerfi/áfangakerfi, námsmat/samræmd próf, fagmenntun kennara, starfsumhverfi, nám á tveimur skólastigum samtímis, mismunandi námshraði/einstaklingsmiðað nám.

Hver aðili fékk u.þ.b. tvær mínútur til að koma sínum skoðunum um málefni unglingsstigsins á framfæri: Eftir hádegi voru frjálssar umræður. Tveir fundarritarar, Björg Pétursdóttir og Guðni Olgeirsson, tóku niður punkta sem síðar voru flokkaðir niður í sex efnisflokkka. Niðurstöður birtast hér fyrir neðan.

Skipan skólastiganna

Grunnskólanemendur í framhaldsskólanámi

- Lykilatriði er að nemandi hafi félagslegan þroska til að flýta sér í námi.
- Of mikið er einblínt á að flýta nemendum í grunnskóla. Lítið er talað um seinkun í grunnskóla. Viðkomandi telur að ekki eigi að flýta grunnskólanemendum upp í framhaldsskóla. Mikilvægt sé að varðveita aðhald grunnskólans.
- Engin trygging er fyrir því að framhaldsskólar geti sinnt dugmiklum grunnskólanemendum betur. Mikilvægt er að huga að samspili félagslegs kerfis skóla og námsframboðs.
- Galli að bekkjarskólarnir hafa ekki talið sig geta sinnt þeim nemendum sem hafa tekið samræmt próf í einstaka greinum (í 8. eða 9. bekk).
- Möguleikar þurfa að vera fyrir nemendur að ljúka skyldunámi eftir 9. bekk og fara beint inn í framhaldsskóla með markvissu utanumhaldi.
- Ekkert er að því að sumir grunnskólanemendur fari ári fyrir upp í framhaldsskólann. Gæta þess að vera opinn fyrir margvíslegum möguleikum.
- Passa að réttur og tækifæri nemenda sé óháð búsetu. Of mikið einblínt á að flýta nemendum í grunnskóla, mikilvægt að varðveita aðhald grunnskólans, ath. félagslegan þroska.
- Ef nemendur hafa tekið einingar á framhaldsskólastigi, geta þeir ekki nýtt sér þær nægilega til að flýta sér í bekkjarkerfisskólum.
- Ekki góð framkvæmd á því þegar nemendur hafa lokið samræmdum prófum í ákveðnum greinum en eru áfram í grunnskóla. Þeir eru í nokkurs konar gjá á milli skólastiga.
- Lög þurfa að tryggja möguleika að stunda nám samtímis á tveimur skólastigum, og tryggja jafnrétti til náms og aðgengis að því, tryggja nemendum stuðning og aðhald og aðgengi að fjar- og dreifnámi.

18 ára sjálfræðisaldur

- Framhaldsskólakerfið hefur lítið sem ekkert breyst eftir hækkun sjálfræðisaldurs. Mikilvægt er að taka á því. Í dag eru oft meiri skil þegar nemandi fer á milli skólastiga grunn- og framhaldsskóla en þegar hann verður 18 ára.
- Of mikið brottfall er hér á landi, ein leið væri að lengja skólaskylduna.
- Það þarf markvisst utanumhald um nemendur til 18 ára aldurs, ekki endilega lenging skólaskyldunnar, en meira náms- og félagslegt aðhald og persónulegan stuðning og ráðgjöf.

- Kostur ef hægt væri að gera sjálfstæðar tilraunir s.s. að ákveðinn grunnskóli kenndi upp í 18 ára og ákveðinn framhaldsskóli tæki inn nemendur niður í 15 ára. Varast ber að skera upp allt skólakerfið í einu.
- Með skilum við 18 ára aldur mætti samhæfa og samræma ýmsa þjónustu á vegum sveitarfélaga, t.d. sérfræðiþjónustu, forvarnir, íþróttastarf. Spannandi möguleikar að nýta skólann markvissar í því skyni.
- Það þarf meira námsframboð fyrir unglunga sem flosna upp úr námi í grunnskóla, sbr. Fjölsmiðjuna, þ.e. blöndu af skólanámi og atvinnuþátttöku.

Rekstur og lagaumhverfi skólastiganna

- Grunnskólinn er rekinn af sveitarfélögum en framhaldsskólar af ríki eða einkaaðilum. Þetta eru tveir ólíkir heimar.
- Rannsóknir sýna að grunnskólakerfið hér á landi er mjög einsleitt miðað við aðrar þjóðir. Kostur: Okkur tekst vel upp með þá sem eru með slaka getu. Galli: Of fáir nemendur ná afbragðsárangri.
- Kannanir sýna að aðgreining í bóknám/starfsnám má ekki koma of snemma. Nemendur úr þannig skólakerfum koma verr út úr samræmdum könnunum.
- Eðlilegt er að sveitarfélögin taki við „10.- 12. bekk“
- Íslenska skólakerfið er gott.
- Mögulega ætti að hafa grunnskólanám í 9-11 ár, þ.e. nemendur ættu að geta farið einu ári fyrr í framhaldsskóla eða verið einu ári lengur í grunnskóla.
- Grunnskólalögin 1995 voru afturhaldssöm að ákveðnu leyti miðað við lögin frá 1974.
- Mikilvægt er að rýmka grunnskólalögin þannig að auðveldara sé að gera tilraunir í skólakerfinu. Tilraun í Reykjanesbæ um sérhæfingu grunnskóla skilaði sér ekki þannig að nemendur færu í þann skóla sem hentaði best heldur þann sem var næstur miðað við búsetu.
- Það þarf að skilgreina ákveðið svigrúm fyrir skólaþróun en jafnframt tryggja nemendum ákveðin réttindi.
- Mikilvægt er að leggja áherslu á samstarf skólakerfis og atvinnulífsins.

Valgreinar og val

Bóknám-verknám

- Valgreinar eru bæði bóklegar, list- og verkgreinar og loks greinar sem auka vísýnina. Hægt að fá nám utan grunnskóla metið sem valgrein.
- Valgreinar eru góður kostur til að efla móðurmálskennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

- Það þarf að auka og efla val nemenda með samþættingu ólíkra námsgreina.
- Slæmt er að stilla upp bóknámi og verknámi sem andstæðum.
- Ekki er skynsamlegt að aðgreina skólakerfið í bóknámsskólakerfi og verknámsskólakerfi fyrir en nú er gert. Heildstætt samþætt kerfi æskilegt.
- Eftirtektarvert er að starfsnámsbrautir eru oft orðnar bóklegar að kröfu starfsgreinaráðanna.
- Mikilvægt er að samþætta bóknám, listnám og verknám á unglíngastigi og framhaldsskólástigi.
- Skipuleggja má smíðjur, valsvæði, þemanám í skólum, slíkt er útfærsluatriði.
- Einstaklingsmiðað nám ætti að auka möguleika nemenda til að velja viðfangsefni á öllum skólástigum, í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Miklu víðara val en valgreinar.

Aukið val

- Mjög þröng umræða er hér á landi um val og sveigjanleika. Ekki er gott að taka afburðanemendur út úr grunnskólum, frekar ætti að bjóða þeim upp á fjölbreyttara nám
- Auka þarf vægi list- og verkgreina á unglíngastigi, en þá þyrfti að breyta þjóðarsálinni.
- Ef vægi valgreina myndi aukast myndi áfangakerfi ósjálfrátt myndast. Ekki skal þó taka upp óbreytt áfangakerfi framhaldsskólanna í grunnskólunum.
- Íslenskt samfélag hefur vel efni á því að efla verk- og listnám í grunnskóla.
- Æskilegt er að auka vægi valgreina á unglíngastigi.
- Oft eru mismunandi viðhorf eftir námsgreinum og ekki gerðar sömu kröfur til nemenda.
- Líklegt er að nemendur stundi nám betur ef þeir hafa valið það sjálfir.

Þróun

- Skólar þurfa að hafa möguleika til að þróast í mismunandi áttir.
- Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum þannig að allt nám verði áhuga- og færnimiðað. Slíkt þarf að vera mögulegt á unglíngastigi.
- Auka þarf möguleika nemenda til að fá nám utan grunnskóla metið til valgreina, t.d. tónlistarskóla, íþróttaiðkun og einnig metið sem hluta af framhaldsskólanámi.

Skipulag skólastarfs

Líðan og velferð nemenda

- Rík áhersla lögð á að líðan, velferð og þarfir nemenda séu hafðar að leiðarljósi.
- Mikilvægt er að huga vel að líðan nemenda, ef nemendum líður vel eru meiri líkur á því að þeir læri, en ef þeim líður illa gengur námið yfirleitt mjög illa.
- Mikilvægt er að nemendur tilheyri ákveðnum hópi, ekki má gleyma félagslega þættinum, það þarf að halda utan um hópinn.
- Stórefla þarf náms- og starfsfræðslu, einnig til foreldra.
- Efla þarf starfsfræðslu í grunnskólum í samstarfi við heimilin, styrkja foreldra til að ræða um val í grunnskóla og hvert skal stefna að því loknu.
- Nemendur eru oft orðnir fullsaddir eftir 10 ár í sama skóla og vilja þá oft breyta til.
- Hvað geta framhaldsskólar gert fyrir unga karlmenn sem hætt er við að flosni upp úr skólum og ná ekki að fóta sig?
- Framhaldsskólinn er ekki tilbúinn að taka við nemendum með fjölbreytilegan bakgrunn, áfangakerfi framhaldsskólans er tiltölulega staðnað.

Þróunarstarf - skipulag skólastarfsins

- Auka þarf sjálfstæði skóla og hvetja skóla til þróunar- og grasrótastarfs.
- Mikilvægt er að skoða hvaða skipulag hentar í einstökum námsgreinum, sviðum og aldri. Gæta þess að binda okkur ekki í t.d. stundatöflum.
- Samskipti kennara og nemenda skipta mjög miklu máli varðandi námsárangur.
- Við erum aftarlega í lýðræðislegum vinnubrögðum í skólastarfi, bæði út frá nemendum og foreldrum.
- Miklu meiri fjölbreytni þarf í kennsluháttum og aukinn sveigjanleika.
- Breikka þarf námið. Íslenska og stærðfræði taka mikinn tíma og eru kennd sérstaklega þó svo t.d. íslenskukennsla felist innan margra greina.
- Lög hvetji til þróunarstarfs og ýmissa tilrauna en hamli því ekki. Hver grunnskóli ætti að marka sér ákveðna sérstöðu. Þrátt fyrir það velja foreldra í langflestum tilvikum þann skóla sem er næst heimilinu.

Áfangakerfi á unglíngastiginu

- Það gæti hentað að skipuleggja áfanga á unglíngastiginu.
- Einingakerfi hentar illa í fámennum skólum.

- Skapa þarf heildstætt nám á unglingsstigi, þverfaglegt nám. Því hentar ekki að skipuleggja nám á unglingsstigi eftir áfangakerfi.
- Mjög óspennandi er að skipuleggja áfanga á unglingsstigi til að nemendur geti farið hraðar í gegnum grunnskólann. Það er meira spennandi að ræða um uppstokkun á kennsluháttum, ytri ramma, skipuleggja námslotur, auka fjölbreytni í námi.
- Brýnt er að tala ekki um annaðhvort eða heldur gefa kost á bæði bekkjarkerfi og áfangakerfi hvort sem er innan framhalds- eða grunnskóla. Best er ef hægt er að hafa blandað kerfi innan sama grunnskóla og það sé frekar háð fögum.
- Meiri hætta er á félagslegri einangrun í áfangakerfinu.
- Mótmælt að nemendur séu félagslega einangraðir í áfangakerfisskólum.

Samræmd próf

Námsmat

- Í nágrannalöndunum hafa Danir tekið upp á að prófa úr 12 greinum en í Noregi hafa menn ákveðið að skilgreina ákveðna grundvallarþætti sem allt nám byggir á og hafa samræmd próf í þeim þáttum. Þeir prófa úr móðurmáli, ensku og stærðfræði.
- Of mörg samræmd próf eru í 10. bekk.
- Breyta þarf framkvæmd samræmda prófa í lok 10. bekk þannig að nemendur fái ekki "stóradóm" á hverju vori.
- Brýnt að breyta fyrirkomulagi námsmats, einkum samræms námsmats í 10. bekk, námsmatið stýrir innra starfinu, breyta námsmati á báðum skólastigum.
- Breyta fyrirkomulagi samræmdra prófa, mega ekki vera inntökupróf í framhaldsskóla. Hlynntur því að það fari ekki allir í sama samræmda prófið.
- Breyta þarf framkvæmd samræmdra prófa, m.a. birtingu niðurstaðna.
- Mikilvægt að ekki sé einungis miðað við samræmdu prófin til að ákveða hvort nemendur hafi lokið grunnskóla. Hin fögin vega þá ósjálfrátt minna. Góð hugmynd að tengja ekki samræmd próf við nemendur.
- Of mikil áhersla á formleg próf í grunnskóla, allt frá 10 ára aldri. Prófaáherslur eru miklar í grunnskóla og einnig í framhaldsskóla. Prófin verða oft hin eiginlega námskrá.
- Ánægja með 4. og 7. bekkjar prófin, stuðningur við skólana og prófin nýtast vel. Hins vegar nýtast samræmdu prófin í 10. bekk ekki fyrir nemandann og skólann og ætti því að leggja þau niður í núverandi mynd.
- Hugsanlega ætti að taka upp nokkurs konar landspróf.

Gæðamat

- Mikilvægt er að hafa eitthvert samræmt eftirlit.
- Núverandi tilgangur samræmdra prófa er of margþættur í núverandi kerfi. Nauðsynlegt er að gera kerfið markvissara og hlutverk prófanna afmarkaðra. Ekki er æskilegt að gera marga hluti samtímis með sama verkfærinu heldur þarf að setja skýra stefnu um tilganginn, t.d. skimun, könnun, mat á kerfi, mat á nemendum.
- Samanburður á gæðum skóla með því að skoða niðurstöður samræmdra prófa er della, það er nánast enginn marktækur munur á skólum.
- Mikilvægt er að tilgangur samræmdra prófa sé skýr. Mælitækið yrði miklu betra ef hætt væri að reyna að meta margskonar þætti samtímis.
- Þau eru nauðsynleg til að leggja mat á skólakerfið.

Kennaramenntun og starfsumhverfi

- Kennarinn er lykilaðili í skólanum. Efla þarf kennaramenntun og lengja hana. Ennfremur þarf að bjóða upp á endurmenntun kennara.
- Huga þarf að starfsumhverfi kennara í skólum, t.d. stærðir námshópa, samsetningu, stuðning við kennara og tveggja kennara kerfi. Auka þarf fjármagn til þessa málaflokks.
- Brúa þarf gjána á milli grunn- og framhaldsskólakennara.
- Brúa þarf gjána á milli skólastiganna með því að hafa ekki sérstaka grunn- og framhaldsskólakennara.

Lokaorð

Í þessari samantekt er gerð tilraun til að flokka þær upplýsingar sem komu fram á málþinginu. Vert er að hafa í huga að oft ræður tilviljun um hvað er rætt og hverju sleppt. Ennfremur geta sömu minnisþingast flokkast á fleiri en einn stað.

Loks skal þess getið að hér er um minnisþingast að ræða, en ekki fundargerð sem borin hafi verið undir þáttakendurna á málþinginu.

Fylgiskjal 9 Niðurstöður viðræðna við fulltrúa sjö háskóla haustið 2006

**Viðhorf háskólanna
til sameiginlegs menntunargrunns og jafngildingu
námseininga á framhaldsskólastigi**

Haust 2006

Tekið saman af
Björgu Pétursdóttur og Sigurði Sigursveinssyni

Efnisyfirlit

Inngangur	34
Framkvæmd og umfang viðræðna.....	36
Niðurstöður	36
Skipulag framhaldsskólans.....	37
Tengsl framhaldsskóla og háskólastigsins.....	39
Fagháskólastigið.....	41
Lokaorð	42

Inngangur

Þann 2. febrúar 2006 undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambands Íslands samkomulag um Skólastarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar. Verkefnisstjórn samningsaðila tók skömmu síðar til starfa við að útfæra samkomulagið og erindisbréf einstakra starfshópa og nefnda. Í kjölfarið voru settir á stofn nokkrir starfshópar og nefndir til að vinna að þessu verkefni. Einn starfshópanna fjallaði um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs grunn- og framhaldsskóla og er þessi samantekt fylgiskjal við skýrslu starfshópsins. Hópurinn starfaði frá því í ágúst 2006 til mars 2007. Hópurinn ræddi m.a. inntak stúdentsprófsins við fulltrúa háskóla landsins, hélt lokað málþing með helstu hagsmunaaðilum um málefni unglingsstigsins og lét gera könnun á námi á skilum skólastiga.

Í þessu fylgiskjali við skýrslu starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytileika er greint frá viðræðum við fulltrúa háskólanna. Markmiðið með viðræðunum var að bregðast við tillögu Starfsnámsnefndar um jafngildingu bóknáms og verknáms í framhaldsskóla, verulega minnkun kjarnafaga og viðtökumiðað nám. Vonast var til að viðtölin myndu varpa ljósi á það hversu raunhæfar tillögurnar væru í augum háskólanna sem næsta viðtökustigs. Eftirfarandi bréf var sent til rektora háskólanna sem sendu einn til tvo fulltrúa á fund til starfshópsins.

Til rektora háskóla á Íslandi

Efni: Inntak stúdentsprófsins

Eins og kunnugt er þá er áformað að stytta námstíma til stúdentsprófs á Íslandi. Í ágúst 2004 kom út skýrsla menntamálaráðuneytisins, **Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi**. Í skýrslunni er m.a. lagt til að námstími til stúdentsprófs verði stuttur úr fjórum árum í þrjú (að jafnaði), árlegur kennslutími lengdur og innihald byrjunaráfanga í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði fært niður í grunnskólann. Ráðist hefur verið í endurskoðun námskráa grunn- og framhaldsskóla í ljósi þessara áforma og var þar m.a. lagt til grundvallar að námskröfur í fyrrnefndum fjórum námsgreinum verði ekki minni en í núverandi námsskipan til loka kjarnaáfanga í framhaldsskóla.

Með samkomulagi menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands í febrúar 2006 var síðan ákveðið að vinna sameiginlega að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna. Allnokkrar nefndir hafa verið settar á stofn til að vinna að þessum markmiðum, m.a. starfshópur sem m.a. fjallar um inntak stúdentsprófsins. Í hópnum sitja fulltrúar Félags grunnskólakennara, Félags framhaldsskólakennara, Félags íslenskra framhaldsskóla, landsamatákanna Heimilis og skóla, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samstarfsnefndar háskólastigsins og Skólastjórafélags Íslands. Sigurður Sigursveinsson er formaður þessa starfshóps.

Nefnd um starfsnám hefur skilað hjálagðri skýrslu til menntamálaráðherra og er hún einnig aðgengileg á vef ráðuneytisins. Þó svo Starfsnámsnefndin hafi fjallað ítarlega um starfsnámið gerði hún einnig róttæka tillögu um endurskilgreiningu stúdentsprófsins þar sem gert er ráð fyrir kjarna í ensku, íslensku og stærðfræði, en framhaldsskólar skipuleggi nám nemenda í samvinnu við viðtökuskóla (háskóla) að öðru leyti. Nefndin leggur til að námseiningar séu jafngildar, hvort sem um bóknám eða verknám/starfsnám er að ræða.

Starfshópnum um inntak stúdentsprófsins er mjög í mun að fá tækifæri til skoðanaskipta við forsvarsmenn einstakra háskóla varðandi inntak stúdentsprófsins, m.a. í ljósi tillagna Starfsnámsnefndarinnar, og þær kröfur sem háskólastigið gerir til nemenda við upphaf háskólanáms.

Til einföldunar má segja að um tvær lykilsurningar sé að ræða:

- Hvert er viðhorf háskóla til hugmynda Starfsnámsnefndar um jafngildi námseininga á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs?
- Hver á að vera sameiginlegur menntunargrunnur þeirra er koma til náms í háskólum?

Gerð er tillaga um fundartíma fyrri hluta októbermánaðar skv. nánara samkomulagi.

Fyrir hönd ráðherra

Karl Kristjánsson

Sigurður Sigursveinsson

Hjálögð skýrsla Starfsnámsnefndar

Framkvæmd og umfang viðræðna

Fulltrúar hvers háskóla ræddu við starfshópinn í 1-2 klukkustundir. Rætt var út frá tveimur spurningum:

- Hvert er viðhorf háskóla til hugmynda Starfsnámsnefndar um jafngildi námseininga á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs?
- Hver á að vera sameiginlegur menntunargrunnur þeirra er koma til náms í háskólum?

Tafla 1 Grunnupplýsingar um viðtöl við fulltrúa háskólanna

Dagsetn.	Háskóli	Fulltrúi	Staða
17. okt.	Háskólinn á Akureyri	Laufey Petrea Magnúsdóttir	Forstöðumaður kennslusviðs
17. okt.	Listaháskóli Íslands	Hjálmar H. Ragnarsson	Rektor
24. okt.	Háskólinn í Reykjavík	Bjarki A. Brynjarsson	Forseti tækni- og verkfræðideildar
24. okt.	Kennaraháskóli Íslands	Ólafur Proppé	Rektor
24. okt.	Landbúnaðarháskóli Íslands	Björn Þorsteinsson Guðríður Helgadóttir	Aðstoðarrektor kennslumála Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
7. nóv.	Háskóli Íslands	Sigurður Grétarsson	Formaður kennslumálanefndar
7. nóv.	Hólaskóli	Sólrún Harðardóttir	Fjarkennsla, vefsíða, endurmenntun og kynningarmál
7. nóv	Háskólinn á Bifröst	Forfallaður	

Niðurstöður

Þeir þættir sem komu fram í viðtölunum voru flokkaðir saman í efnisþætti sem birtast í töflum hér fyrir neðan. Þar sem vantar í töflurnar hefur viðkomandi efni annað hvort ekki borið á góma í viðtalinu eða er flokkað annars staðar.

Skipulag framhaldsskólans

Hluti þeirra atriða sem kom fram í viðtölunum má flokka undir skoðanir háskólastigsins á skipulagi framhaldsskólans. Þær varða frelsi framhaldsskólanna, jafngildingu bók- og verknáms og umfang kjarnans í náminu.

Háskóli	Frelsi framhaldsskólanna
HÍ	HÍ telur jákvætt að framhaldsskólarnir fái meira sjálfræði í að þróa námsbrautir.
HR	
KHÍ	
HA	Miðstýringin á námi framhaldsskólans sé of mikil núna en of mikil áhersla á frelsi skólanna í starfsnámsnefndarskýrslunni, sem sé samt mikil áskorun fyrir þá. Réttur nemenda verði að vera miðlægur og því þurfi að kveða skýrt á um ábyrgðaraðila sem hafi yfirsýn yfir kerfið í heild.
LHÍ	Líst vel á að framhaldsskólarnir hafi meira að segja um námsframboð og skipulag þess.
Hólask.	
Landbún. hásk.	

Háskóli	Jafngilding
HÍ	Hvað varðar jafngildingu á öllum fögum þá setur HÍ sig ekkert á móti því og telur sig ekki hafa neitt um það segja en leggur áherslu á að undirbúningur verði nægur eins og hann er í dag. Jafngilding af þessum toga myndi óhjákvæmilega fela í sér sérstök úrræði þ.e.a.s flækja málið við inngöngu í háskólann.
HR	Aukin fjölbreytni í námi má ekki vera á kostnað inntaksins.
KHÍ	Hann hefur jákvæð viðhorf gagnvart jafngildingu verknáms og bóknáms.
HA	
LHÍ	
Hólask.	En þau eru jákvæð gagnvart jafngildishugmyndinni.
Landbún. hásk.	Í dag er gamli landbúnaðarskólinn og garðyrkjuskólinn sameinaðir undir einn hatt landbúnaðarháskólans en þetta eru/voru brautir á framhaldsskólastigi. Nemendur af þessum brautum hafa átt í vandræðum með að klára hefðbundið stúdentspróf af því að þeir hafa ekki fengið sitt nám metið nema að svo litlu leyti í öðrum framhaldsskólum. Nýjar hugmyndir starfsnámsnefndar myndu greiða götu þessara nemenda þar sem sérfögin yrðu metin meira. Ennfremur er í skýrslu starfsnámsnefndar talað um mat á vinnustaðanámi en þau meta nú þegar vinnustaðanám til allt að 60 eininga.

Háskóli	Stærð og umfang kjarna
HÍ	Telur 27 einingar í kjarna vera of lítið. Hugvísindadeild hefur áhyggjur af því að stúdentsprófið verði of einsleitt og leggur áherslu á að það eigi að gefa almenna menntun. Þau hafa t.d. áhyggjur af því að tungumálaþekking s.s. dönskukunnátta muni minnka. Í félagsvísindadeild er lögð áhersla á að nemendur hafi fjölbreytta náttúrulega þekkingu þannig að viðtökumiðaða hugsunin gengur ekkert sérstaklega upp. Liberalmenntun er líka góður undirbúningur fyrir nám í læknisfræði, fyrir nám í verk- og raunvísindadeild. Undirbúningur á brautum í framhaldsskóla fyrir háskólanám á að vera almennur þar sem kennd er íslenska, bókmenntir, tungumál, stærðfræði og náttúrufræðigreinar. Flestar deildir vilja að nemendur stundi nám í öllum þessum greinaflokkum í framhaldsskólum.
HR	Stærðfræði og íslenska í kjarna skipta miklu máli auk tungumála og þá sérstaklega enska. Gæta verður að gera kjarnann ekki mjög rýran.
KHÍ	Íslenska, stærðfræði og enska eru kjarnafög en mikilvægast er að nemendur séu opnir, vel menntaðir og hafi þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Mest allt námsefni er á ensku í KHÍ þannig að menn þurfa að kunna ensku.
HA	Þau setja spurningu við 30 eininga kjarna, að hann sé of lítill. Nemendur verða að kunna ensku þar sem flestar námsbækur eru á ensku. Í sumum háskólagreinum þarf ekki að kunna neitt í stærðfræði. Danska lítið notuð og þriðja mál ekki neitt. Varðandi íslensku þurfa nemendur að kunna að hagnýta íslensku, lesa, tala og skrifa en í raun skiptir ekki máli hvaða bókmenntir nemandinn hefur lesið. Segir ekki gott fyrir háskólana ef sérhæfing aukist í námi í framhaldsskólunum. Mikilvægt sé að halda breiddinni í framhaldsskólanáminu, sem megi auka, þannig að nemendur loki ekki á neina möguleika að loknu stúdentsprófi. Það sé tvennt ólíkt að skilgreina annars vegar inntak stúdentsprófsins og hinsvegar að setja fram kröfur um æskilegan undirbúning fyrir háskólanám
LHÍ	Hann segir að háskólastigið vilji nemendur með breiða almenna menntun en um leið með góða menntun í þeirri grein sem þeir ætli að læra á háskólastiginu. Mikilvægast er að nemendur kunni að koma hugsunum sínum í orð. Listaháskólinn varpaði fram fyrir nokkrum árum hugmynd um menntaskóla listanna þar sem nemendur ættu að læra 1/3 kjarna, 1/3 valfög og 1/3 sína grein. Þessi skipting finnst honum eðlileg í nýju skólakerfi. Þau kjarnafög sem hann nefndi voru íslenska, stærðfræði og tungumál. Leggur áherslu á að nám umfram kjarna sé ekki bara í sérgreinum heldur hafi nemandinn tækifæri til að setja það saman sjálfur og velja ýmislegt. Kjarninn í starfsnámsnefndarskýrslunni sé of lítill.
Hólask.	Hvað varðar fög í kjarna þá finnst þeim ekki gott ef nemendur geta farið í gegnum framhaldsskólann án þess að læra nokkra náttúrufræði.
Landbún. hásk.	

Tengsl framhaldsskóla og háskólastigsins

Hluti þeirra atriða sem komu fram í viðtölunum má flokka undir skoðanir háskólastigsins um tengsl framhaldsskólanna og háskólanna. Þær varða inntökuskilyrði í dag og í framtíðinni, viðtökumiðað nám og samstarf milli skólastiganna.

Háskóli	Inntökuskilyrði í dag / í framtíðinni
HÍ	Líklegt er að umræða um inntökupróf kæmi upp sem ein leið ef framhaldsskólinn verður mjög fjölbreyttur/dreifstýrður en einnig myndi samræmt stúdentspróf vera góður kostur fyrir HÍ.
HR	Forkröfur í tækni- og verkfræðideild HR eru 21 eining í stærðfræði. Oft reynast nemendur ekki hafa svo margar einingar í stærðfræði og hefur HR þurft að taka við nemendum með 18 einingar í raungreinum og sett þá í sumarnámskeið.
KHÍ	Í KHÍ var gerð rannsókn á því hvernig nemendum vegnaði eftir því hvort þeir eru með stúdentspróf eða ekki og reyndist ekki vera marktækur munur. Flestir nemendur sem hefja nám eru 25-29 ára. Margir eru í fjarnámi. Varðandi inntökureglur, þá miðar KHÍ við stúdentspróf eða jafngilt nám. Skólinn setti upp heilmikið matskerfi til að meta þá sem ekki eru með stúdentspróf. Hann segir að margir telji að háskólarnir muni taka upp inntökupróf en ef svo væri yrði það mjög almennt. Hann telur líklegt að hver deild myndi setja fram kröfur s.s. tónmenntabraut myndi setja fram skilyrði um tónlist en umsækjandi kæmist þá kannski inn á aðra braut. Mikilvægt sé að skilaboðin séu skýr og að nemendur taki ábyrgð á sínu námi. Samræmt stúdentspróf í grunnfögum væri ágæt leiðbeining fyrir háskólana ásamt öðru og er hann hlynntur því
HA	Varðandi inntökuskilyrði er lagt að jöfnu stúdentspróf og 130 einingar í framhaldsskóla án tillits til inntaks. Undanþágur frá þessum reglum fara niður í 70 ein. í framhaldsskóla, 25 ára hafi 5 ára starfsreynslu. Nemendur skólans á undanþágum voru um 40% 2002 en eru nú um 14%. Skólinn hefur þurft að vísa frá á annað hundrað nemendum. Inntökukröfur verða því ekki hertar nema með fjöldatakmörkunum.
LHÍ	Telur að það ætti að vera inntökupróf inn í háskólana sem unnið sé í samstarfi við framhaldsskólana. Við inntöku nemenda lítur LHÍ til fleiri þátta en stúdentsprófs og ræður þar færni og reynsla miklu.
Hólask.	Nemendur í Hólaskóla hafa mismunandi bakgrunn. Ferðamálanemendur koma alls staðar af landinu en þar er líka boðið upp á fjarnám. Nemendur þurfa að hafa lágmark 60 einingar úr framhaldsskóla + reynslu úr atvinnulífinu. Þróunin er sú að sífellt fleiri nemendur eru með stúdentspróf.
Landbún. hásk.	Áður fyrr þurftu nemendur að hafa stúdentspróf auk eins árs búfræðiprófs. Ekki þótti eðlilegt að gera svo miklar kröfur fyrir Landbúnaðarháskólann og var því felld niður krafa um búfræðipróf. Þá í staðinn lenti skólinn í því að útskrifa nemendur sem vissu lítið um landbúnað. Þau hafa því sett inn í

	meistaraprófsnámið nám í framleiðslugreinum en vandamálið er að ekki er gott ef allir þurfa að hafa meistaraprófsgráðu til að verða bændur. Skólinn þyrfti því að hafa hliðarkerfi t.d. fagháskóla þar sem nemendur gætu tekið búfræðinám. Í garðyrkjunáminu eru gerðar kröfur um að nemendur séu búnir með ákveðnar framhaldsskólaeiningar þegar þeir koma inn í skólann, 2-4 annir í framhaldsskóla, tungumál, efnafræði, líffræði og stærðfræði. Svo klára þeir námið hjá þeim.
--	--

Háskóli.	Viðtökumiðað nám
HÍ	Tvær athugasemdir komu fram frá deildum. Önnur varðar áhyggjur af því að nemendur dýpki sig ekki nægilega í stærðfræði og hin varðar það að framhaldsskólanámið verði ekki nógu almennt. Í báðum tilfellum tengja menn vandamálið sem mögulega afleiðingu þess að skipuleggja viðtökumiðað nám í framhaldsskólum. HÍ hefur ekki áhuga á að skilgreina hvaða fög eru mikilvægust fyrir hverja deild þannig að menn séu ekki að takmarka möguleika nemenda inn í deildirnar.
HR	Spurning um hvort skilgreining á viðtökumiðuðu námi myndi skila sér til nemenda og foreldra nógu snemma, þ.e.a.s. á unglingastigi. Hann er hræddur um að nemendur séu ekki nægilega meðvitaðir 16-17 ára um hvað þeir ætli að læra seinna í lífinu og sleppi því raungreinunum. Alþjóðlegt vandamál að fá nemendur í tæknigreinar. Þess vegna verða menn enn hræddari við að þessum nemendum fækki enn frekar með tillögum starfsnámsnefndar.
KHÍ	Hvað varðar viðtökumiðað nám, þá vill KHÍ fá nemendur af sem flestum brautum ekki endilega einsleitt fólk af uppeldisbraut. Þeir þurfa fólk sem hefur grunn í náttúrufræði og íslensku, en það er mjög erfitt að setja saman braut sem hentar sérstaklega fyrir Kennaraháskólann. Hann telur að það sé hættulegt ef framhaldsskólinn ætli að fara búa til ákveðnar brautir sem passa í ákveðið háskólanám. Því þegar nemandi er tekinn inn í háskóla geta aðrir þættir skipt máli, s.s. atvinnureynsla. Framtíðin er að byggja þverfaglegar brýr.
HA	Mikil samkeppni er meðal hinna 8 háskóla um sömu nemendur og virðist sérhæfing háskólanna vera að minnka. Skólinn leggur því mikla áherslu á að fæla ekki frá nemendur. Með þetta í huga telur hún að erfitt verði að fá háskólana til að skilgreina stíf inntökuskilyrði eða inntak stúdentsprófsins. Það sé tvennt ólíkt að skilgreina annars vegar inntak stúdentsprófsins og hins vegar að setja fram kröfur um æskilegan undirbúning fyrir háskólanám. Hún varar við því að tengsl háskóla og framhaldsskóla megi ekki verða slík að stýring verði á því í hvaða háskóla framhaldsskólanemendur fara eftir stúdentspróf.
LHÍ	Leggur mikla áherslu á að það séu mjög skýr skil á milli framhaldsskóla og háskóla stofnanalega, þannig að nemendur í ákveðnum framhaldsskólum gangi ekki sjálfkrafa fyrir öðrum nemum inn í ákveðna háskóla. Það megi alls ekki gerast.

Hólask.	Viðtökumiðað nám er gott af því að þá verði háskólarnir að setja niður hvað þeir vilja. En hvað með þær deildir þar sem eru mjög fáir nemendur s.s. fiskalífræði? Þess vegna verður að passa að ákveðin fög verði ekki útundan. Þ.e. að vanda framhaldsskólabrautirnar. Framhaldsskólar úti á landi munu örugglega eiga erfitt með að búa til viðtökumiðaðar leiðir. Þeir munu verða að bjóða upp á almennt nám/almennan undirbúning fyrir háskólanám sem ekki má draga úr möguleikum þeirra nemenda varðandi það. Í þessu sambandi þarf að skoða vel jafngilt/sambærilegt nám óháð búsetu og rétt nemenda til þessa. Reynt var að setja upp frumgreinadeild fyrir þá nemendur Hólaskóla sem ekki voru með stúdentspróf en deildin fór ekki af stað, kannski af því að nemendur koma svo víða af landinu.
Landbún. hásk.	Hugmyndir starfsnámsnefndar bjóða upp á möguleika á að flétta áherslur háskólanámsins inn í framhaldsskólanámið. Það myndi gerbreyta viðmótinu sem háskólinn þyrfti að hafa. Hver deild þyrfti að skilgreina betur sínar kröfur. Hingað til hafa þeir hleypt nemendum frá hvaða stúdentsbraut sem er inn á brautirnar á eigin forsendum.

Háskóli	Samstarf milli framhaldsskólans og háskólans
HÍ	
HR	
KHÍ	Hvað varðar samskipti milli skólastiga þá telur hann spurningu hversu formlegt það eigi að vera.
HA	Segist ekki vera bjartsýn á tillögur skýrslunnar um samstarf framhalds- og háskóla. Samstarfið þurfi að formgera til að ýta því úr vör, það spretti ekki upp af sjálfu sér.
LHÍ	Menntamálaráðuneytið verði að hafa frumkvæði í því að formgera samstarf framhalds- og háskóla.
Hólask.	Skólinn miðar ekki við að taka eingöngu við nemendum af norðvestursvæðinu heldur af öllu landinu.
Landbún. hásk.	

Fagháskólastigið

Hluti þeirra atriða sem komu fram í viðtölunum má flokka undir skoðanir háskólastigsins á fagháskólahugmyndinni.

Háskóli	Fagháskólar
HÍ	Sigurður telur mikið framfaraskref að stofna fagháskóla. Fjölgun leiða sem gefa möguleika eftir framhaldsskóla er fagnað. Um 130 námsleiðir eru í HÍ.

	Undanfarið hefur verið reynt að auka atvinnulífstengt stutt nám og nú er jafnvel komið að því að HÍ fari að spyrja sig að því hvað þeir eigi að ganga langt á þessari braut. Hugmynd að HÍ eigi ekki að kenna alla hluti og fjölga námsbrautum endalaust, heldur eigi aðrir skólar s.s. fagháskólar að taka við.
HR	Varðandi fagháskóla þá þarf að skilgreina mjög nákvæmlega: - menntun og kröfur til kennara á því skólastigi - prófgráðu nemanda sem lýkur fagháskóla - að nemandi sem lýkur fagháskóla getur ekki farið áfram í hefðbundið meistara/doktorsnám - að menn færast ekki sjálfkrafa upp á háskólastig af því framhaldsskólanámið sem þeir velja er langt.
KHÍ	Hvað varðar fagháskóla þá er spurning hvornig þeir ríma við Bologna kerfið. Ef nemi fær BS í fagháskóla þarf það ekki að hafa skírskotun í sambærilegar gráður í öðrum háskólum. Væri ekki eðlilegra að fagháskólanámið færðist inn í háskólana? Hefur áhyggjur af útgöngu úr fagháskólum, hvaða pappíra hefur nemandinn sem kemur út úr fagháskóla. Myndi skólinn verða annars flokks?
HA	
LHÍ	
Hólask.	Þau eru með rannsóknir og þar með ekki skilgreind sem fagháskóli og hún telur að það eigi að fara varlega í þróun fagháskóla. Þar sem ekki eru stundaðar rannsóknir má búast við kennsla verði ekki alveg jafn góð.
Landbún hásk.	Hugmyndum um fagháskóla er fagnað og talin mikil þörf í þessum geira. Okkur vantar tæknimenntað fólk en við getum ekki beint öllu okkar fólk inn á hefðbundið stúdentspróf og háskólanám. Mikil þörf er á að dýpka tæknimenntunina.

Lokaorð

Í þessari samantekt er gerð tilraun til að flokka þær upplýsingar sem komu fram í viðtölum við fulltrúa háskólanna. Vert er að hafa í huga að oft réð tilviljun því um hvað var rætt og hverju sleppt. Flokkunin er gerð eftir á þannig að þó svo skoðanir einstakra háskóla komi ekki fram í öllum töflum er það ekki vegna þess að þeir hafi ekki haft skoðun á málinu í viðtölunum.

Loks skal þess getið að hér er um minnispunkta að ræða frá viðtölunum, en ekki fundargerð sem borin hafi verið undir viðmælendur.

**Fylgiskjal 10 Könnun á námi á skilum skólastiga haustið
2006**

Nám á skilum skólastiga

**Könnun gerð í grunn- og framhaldsskólum
haustið 2006**

Björg Pétursdóttir og Sigurður Sigursveinsson

Efnisyfirlit

Inngangur.....	44
Skil milli skólastiga –grunnskólar.....	45
Framkvæmd og svörun í grunnskólum.....	45
Grunnskólanemendur í framhaldsskólum.....	45
Kennslutilhögun og námsmat.....	47
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.....	49
Skil milli skólastiga – framhaldsskólar.....	53
Framkvæmd og svörun.....	53
Grunnskólanemendur í framhaldsskólum.....	53
Kennslutilhögun og lokamat.....	55
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.....	56
Niðurstaða.....	58
Viðauki 1a Nokkur dæmi um viðhorf grunnskólanna.....	59
Viðauki 1b Nokkur dæmi um viðhorf framhaldsskólanna.....	62
Viðauki 2 Könnun hjá grunnskólum um skil milli skólast.....	64
Viðauki 3 Könnun hjá framhaldsskólum um skil milli skólastiga.....	66

Inngangur

2. febrúar 2006 undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambands Íslands samkomulag um Skólastarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar. Verkefnisstjórn samningsaðila tók skömmu síðar til starfa við að útfæra samkomulagið og erindisbréf einstakra starfshópa og nefnda. Í kjölfarið voru settir á stofn nokkrir starfshópar og nefndir til að vinna að þessu verkefni. Einn starfshópanna fjallaði um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs í grun- og framhaldsskólum. Hópurinn starfaði frá því í ágúst 2006 til mars 2007. Hópurinn ræddi m.a. inntak stúdentsprófsins við fulltrúa háskóla landsins, hélt lokað málþing með helstu hagsmunaaðilum um málefni unglíngastígsins og lét gera könnun á námi á skilum skólastiga.

Í þessu fylgiskjali er greint frá þessari könnun. Spurningar, framkvæmd og úrvinnsla var að mestu í höndum fulltrúa menntamálaráðuneytisins í starfshópnum, þ.e. Bjargar Pétursdóttur og Sigurðar Sigursveinssonar.

Markmið könnunarinnar var að fá yfirsýn um nám grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi, hvernig væri staðið að kennslu þeirra og námsmati sem og kostnaðarskiptingu. Tvær sambærilegar kannanir voru sendar á rafrænu formi í september 2006. Önnur fór til allra framhaldsskólanna en hin til þeirra grunnskóla sem hafa 10. bekk.

Hér á eftir fara niðurstöður könnunarinnar. Þær eru settar fram í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum er sérstaklega fjallað um þær niðurstöður sem bárust frá grunnskólunum. Í þeim seinni er að hluta til teknar saman niðurstöður frá báðum skólastigunum en einnig birtast þar svör framhaldsskólanna. Í viðauka eru nokkur dæmi um viðhorf grunnskóla

(1a) og framhaldsskóla (1b) um nám á skilum skólastiga. Í viðauka 2 og 3 má finna spurningalistana sem notaðir voru við kannanirnar.

Skil milli skólastiga – Grunnskólar


Framkvæmd og svörun í grunnskólum

Netslóðin að könnuninni var send til 137 grunnskóla sem starfrækja 10. bekk. Alls bárust 119 svör, þ.e. um 87%. Skólarnir þurftu ekki að svara öllum spurningum og oft var gefinn möguleiki á að merkja við fleiri svör en eitt. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að setja fram á skýran hátt hlutfall svara hverju sinni. Því eru svörin oft gefin upp sem fjöldi svarenda eða hlutfall þeirra sem svöruðu viðkomandi spurningu. Þegar svörin eru skoðuð er mikilvægt að gera sér grein fyrir að svarendur miða svör sín ýmist við haustönn eða vorönn 2006. Svörin gætu því verið öðruvísi á öðrum tíma. Ennfremur eru sumir skólarnir með enga nemendur í 8. og/eða 9. bekk þó svo þeir hafi nemenda/ur í 10. bekk. Ennfremur ber að hafa í huga að þeir sem svara geta óviljandi merkt við röng svör eða misskilið spurningarnar. Könnunin gefur því einungis innsýn eða öllu heldur hugmynd um hvernig staðan er á haustönn 2006 hvað varðar útfærslu skila á milli skólastiga.

Grunnskólanemendur í framhaldsskólum

Í könnuninni kom fram að sjaldgæft virðist vera að grunnskólanemendur útskrifist ári seinna en venja er, en einungis sjö skólar segjast hafa útskrifað einn til tvo nemendur ári seinna (þ.e. eldri en 16 ára). Því miður reyndust fjöldatölur um nemendur sem útskrifast úr grunnskóla yngri en 16 ára ónothæfar. Aftur á móti má lesa vísbendingu um þetta úr gögnum frá Hagstofu Íslands en þau eru tekin saman á mynd 1. Myndin sýnir fjölda nemenda yngri en 16 ára í nemendaskrá framhaldsskóla. Haustið 2005 hófst við Menntaskólann á Akureyri tilraun þar sem 18 nemendur hófu nám við skólann þegar að loknum 9. bekk, og eru þeir sérstaklega auðkenndir á súluritinu.

Mynd 1 Fjöldi nemenda yngri en 16 ára í nemendaskrá framhaldsskóla




Þrátt fyrir þessa tilraun er ljóst að ekki hefur orðið umtalsverð breyting á undanförunum árum hvað varðar fjölda þeirra sem ljúka grunnskólanum yngri en 16 ára. Eigi að síður hafa verið skýrar heimildir í grunnskólalögum um að nemendur geti lokið grunnskóla á styttri tíma en 10 árum.

Í töflu 1 og á mynd 2 má sjá fjölda og hlutfall þeirra grunnskóla sem hafa nemendur í 8., 9. og/eða 10. bekk sem taka framhaldsskólaáfanga eða stunda framhaldsskólanám haustið 2006. Þannig segjast 109 grunnskólar að enginn nemandi í 8. bekk stundi nám á framhaldsskólastigi. Hjá 76 grunnskólum stundar enginn 9. bekkjar nemandi nám á framhaldsskólastigi og hjá 29 grunnskólum stundar enginn nemandi í 10. bekk nám á framhaldsskólastigi. Athugið að miðað er við haustönn 2006 en það getur verið breytilegt milli ára hvort og hve margir nemendur grunnskólanna stunda nám á framhaldsskólastigi.

Tafla 1 Fjöldi grunnskóla og fjöldi grunnskólanemenda sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi á haustönn 2006

Fjöldi grunnskólanem. í framhaldsskóla	8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
	Fjöldi grunnskóla	Hlutfall skóla	Fjöldi grunnskóla	Hlutfall skóla	Fjöldi grunnskóla	Hlutfall skóla
0	109	92%	76	64%	29	24%
1-5	6	5%	32	27%	34	29%
6-10	3	3%	3	3%	20	17%
11-15	0	0%	3	3%	14	12%
16-20	0	0%	2	2%	7	6%
21-25	0	0%	0	0%	4	3%
26-30	0	0%	1	1%	3	3%
>30	0	0%	2	2%	8	7%

Mynd 2 Fjöldi grunnskóla og fjöldi grunnskólanemenda sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi haustönn 2006




Kennslutilhögun og námsmat

Alls svöruðu 92 grunnskólar spurningunni um það hvernig námið dreifist. Þar kemur fram að námið sem grunnskólanemendur taka á framhaldsskólastigi er ýmist dreift yfir eina (27%) eða tvær annir (43%) en 29% skólanna segja það mismunandi eftir áföngum/nemendum.

Alls svöruðu 97 skólar spurningum um útfærslu kennslunnar. Skólarnir gátu merkt við marga valmöguleika þannig að sömu skólar geta hafa merkt við báða fyrstu flokkana: Fjarkennsluáfangi frá framhaldsskóla og fjarkennsluáfangi, grunnskólakennari aðstoðar. 33 skólar segja kennara grunnskólans sjá um kennsluna en 27 að kennarar framhaldsskólans geri það. Í einu tilfelli kemur fram að aðrir kennarar sjái um kennsluna. Undir annað á mynd 3 fellur til dæmis: foreldrar aðstoða nemandann, grunnskólakennari sem kennir sama fag er tengiliður við framhaldsskólakennarann sem kennir áfangann gegnum fjarnám og hluti nemenda fær stuðning í framhaldsskólanum og hluti við grunnskólann eftir því hvaða fög þeir sækja. Á mynd 3 má sjá nánar um kennslutilhögun. Gefnir eru upp fjöldi skóla sem svöruðu viðkomandi spurningu en hafa ber í huga að hver skóli getur merkt við marga svarmöguleika.

Mynd 3 Kennslutilhögun við kennslu grunnskólanema á framhaldsskólastigi á haustönn 2006



Varðandi lokamat sýnir tafla 2 að í langflestum tilfellum semur framhaldsskólakennari lokaprófið og fer yfir það. Hér gildir sama og áður að hver skóli getur merkt við marga svarmöguleika. Undir annað í töflunni fellur til dæmis: framhaldsskólakennari er prófdómari og hefur úrslitavald og langflestir nemendur þreyta viðurkennd lokapróf í viðkomandi framhaldsskóla en nokkur dæmi eru þó um að nemendur taki “bara” skólapróf í áföngunum sem eru kenndir heima.

Tafla 2 Lokamat í framhaldsskólaáföngum

Hvernig er lokamati háttað?	Fjöldi
Framhaldsskólakennari semur og fer yfir lokaprófið	87
Framhaldsskólakennari semur en grunnskólakennari fer yfir lokaprófið	5
Grunnskólakennari semur og fer yfir lokaprófið	5
Annað	4

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

Í töflu 3 er greint frá því hvað gerist varðandi tíma nemanda þegar hann sækir nám í framhaldsskóla. 96 grunnskólar svara spurningunni en þeir geta merkt við alla svarmöguleika. Í 68% tilfella virkar framhaldsskólanámið sem val nemandans sem sækir því færri tíma í grunnskólanum.

Tafla 3 Tími grunnskólanemands

Hvað gerist meðan nemandi sækir nám í framhaldsskóla?	Fjöldi
Framhaldsskólanámið virkar sem val nemandans sem sækir því færri tíma í grunnskólanum	64
Nemandinn fær frí í þeim grunnskólatímum sem skarast við framhaldsskólatímana	17
Nemandinn sækir tíma í framhaldsskóla ef tímarnir skarast ekki við tíma í töflu grunnskólans	11
Annað	37

Svör þeirra 37 skóla sem útskýrðu nánar tengslin milli grunn- og framhaldsskóla voru flokkuð og kom þá í ljós að í langflestum tilfellum eru stundatöflumál leyst þannig að nemandi vinnur framhaldsskólaefnið í samsvarandi tímum í grunnskólanum (60-70% svarenda) enda margir nemendanna í fjarkennslu og geta ráðið hvenær þeir stunda námið. Sums staðar gefst nemendum kostur á að hitta grunnskólakennara t.d. einu sinni í viku sem aðstoðar eftir þörfum. Um 15 % skólanna tala ekki um sérstaka þjónustu sem þeir veiti nemendum heldur annaðhvort að stundatöflur séu samstilltar eða nemandi sækir kennslu í framhaldsskóla eftir að kennslu grunnskólans lýkur. Svörin gefa í skyn að það sé mjög mismunandi milli grunnskóla hversu vel er haldið utan um grunnskólanemendur sem stunda nám í framhaldsskóla. Allt frá því að þeir stundi námið í tímum í grunnskólanum undir umsjón grunnskólakennara yfir í að þeir sinni því á eigin forsendum utan skólatíma.

Í töflu 4 má sjá svör skólanna hvað varðar greiðslur. Þar má sjá að algengara er að sveitarfélagið greiði innritunargjald fyrir grunnskólanemendur eða í um 2/3 tilfella.

Ennfremur er algengara að nemendur greiði sjálfir kennslugögnin. Ýmis önnur úrræði eru þó í myndinni. Sem dæmi má nefna að grunnskólinn greiði efnisgjald og strætóferðir, sveitarfélagið greiði tryggingagjald, bankinn í hverfinu greiði þátttökugjald og loks að grunnskólinn greiði allt ef áfanginn er valgrein en nemandinn allt ef hann hefur lokið grunnskólaprófi í greininni.


Tafla 4 Greiðslufyrirkomulag skv. svörum grunnskólanna

Hvernig er greiðslu háttað?	Fjöldi
Grunnskólinn/sveitarfélagið greiðir innritunargjald fyrir nemanda í framhaldsskóla	49
Grunnskólanemarnir greiða sjálfir innritunargjald í framhaldsskóla	22
Grunnskólinn greiðir kennslugögn	30
Grunnskólanemarnir greiða kennslugögn	42
Annað	21

Þær kröfur sem gerðar eru til grunnskólanemenda sem stunda nám í framhaldsskóla eru mjög mismunandi á milli skóla. Alls svöruðu 102 skólar því hvort nemandi þurfi að hafa lokið samræmdu prófi í viðkomandi grein til að mega taka áfanga í framhaldsskóla, og segja 46% þeirra að nemendur þurfi að hafa tekið slíkt próf en 54% ekki.

Til að átta sig betur á kröfunum sem skólarnir gera var spurt hvort miðað væri við einhverja lágmarkseinkunn. Alls svöruðu 87 skólar því en því miður virtust sumir þeirra misskilja spurninguna þannig að verið væri að spyrja um hversu háa einkunn viðkomandi nemandi þyrfti að fá út úr framhaldsskólaáfanganum. Línurit 3 sýnir dreifingu þeirra svara sem fjölluðu greinilega um lágmarkseinkunn grunnskólanemenda til að fá leyfi til að stunda nám í framhaldsskóla. Svörin voru flokkuð en oft var erfitt að gera sér grein fyrir því hvort átt væri við skólaeinkunn eða einkunn á samræmdu prófi.

Mynd 4 Lágmarkseinkunn grunnskólanemenda til að fá að stunda nám á framhaldsskólastigi



Mynd 4 sýnir að það er algengara að miðað sé við grunnskólaeinkunn en samræmt próf. Ennfremur virðist oftast miðað við að grunnskólaeinkunn í viðkomandi fagi þurfi að vera að minnsta kosti 8. Sumir skólar nefna skólaeinkunnina 8,5 og aðrir 9. Tíu skólar segja að hvert tilfalli sé metið hverju sinni og fimm skólar að forkröfur séu mismunandi eftir því hvort um sé að ræða bókleg fög eða verkleg. Í þeim tilfellum eiga forkröfurnar yfirleitt við um íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði. Í einum skóla raðast grunnskólanemendur í 102 áfanga ef þeir ná ekki 8 í samræmdri einkunn en 103 ef þeir hafa hærra einkunn en 8. Á öðrum stað er sagt að til að taka áfanga 103 allt skólaárið þurfi nemendur að ljúka 9. bekk með yfir 8 í einkunn en ef nemandi stundar fjarnám þarf hann að ljúka samræmdu prófi með einkunn að lágmarki 7. Á einum stað er sagt að framhaldsskólinn sjái um matið. Það má því segja að svörin sýni mjög mismunandi forkröfur til grunnskólanemenda milli skóla. Könnunin svarar aftur á móti ekki því hver setji þær vinnureglur sem unnið er út frá í hverjum skóla.

Grunnskólarnir voru að lokum beðnir um að koma með eigin athugasemdir um skilin milli skólastiga. Svörin voru greind og flokkuð og kom í ljós að langflestir kalla eftir reglum og samræmingu um greiðslu kostnaðar. Næst algengast er að gerðar verði samræmdar kröfur um námsárangur nemenda til að fá leyfi til að stunda nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur komu fram ábendingar um þarfir fyrir fjölbreytt fjarnám í framhaldsskólaáföngum á landsbyggðinni. Annað sem kom fram var t.d. að gæta að því að réttindakennarar sjái um kennslu á og að setja þurfi skýrari reglur hvað varðar þátttöku í íþróttum og meta boltagreinar til jafns við aðrar greinar. Fleiri orðrétt svör er að finna í viðauka 1a.

Þrjú ráð um útfærslur á skilum á milli skólastiga:
(Beinar tilvitnanir í svör frá skólunum):

1. Nemendur geti flýtt sér á miðstiginu:
Best er, að mínu mati, að fara hraðar í gegnum mistigið til að ná þessu fram. Á nokkra ára tímabili hafa þrír nemendur í okkar skóla lokið grunnskólanámi á 9 árum. Í tveim tilfellum

fóru nemendur úr 8. bekk og í þann 10. Þeir nemendur lentu í vanda í framhaldsskóla en stóðu sig samt vel. Í einu tilfelli fór nemandinn hraðar í gegnum miðstigið og lauk grunnskólanum í 9. bekk, var þá búin að fara í gegnum mest allt námsefni 1.- 10. bekkjar. Sá nemandi var betur búin undir framhaldið og átti betur með að fóta sig í framhaldinu en þeir sem slepptu úr ári. Aftur á móti finnst mér það ekki skynsamlegt að leyfa 8. 9, og 10. bekkjar nemendum að fara í samræmd próf til prufu eins og nú hefur verið opnað á. Höldum okkur við þá megin stefnu að nemendur geti lokið grunnskólanáminu á 9 árum og einungis þeir nemendur taki samræmd próf. Ef um afburðanemendur er að ræða í 8. bekk er sjálfsagt að skoða þann möguleika að þeir geti þreytt lokaprófin fyrir.

2. Aukin samvinna milli skólastiga:

Það þarf að brúa bilið á milli skólastiganna betur og t.d. einn fulltrúi frá hvoru skólastigi taki að sér fagstjórn í þessum málaflokki og fundi saman annað slagið

3. Samkeppnispróf:

Það mætti styrkja þessa þróun með samkeppnisprófum þar sem nemendum væri gefinn kostur á að þreyta próf, bæði í 8. og 9. bekkjum til að mæta hæfni til að velja áfanga. Þetta myndi hvetja sterka nemendur. Það er einnig mikilvægt að tengja þanna skóla sem nemendur ætla í við viðkomandi grunnskóla.

Skil milli skólastiga – Framhaldsskólar

Framkvæmd og svörun

Netslóðin að könnuninni var send til 30 framhaldsskóla og svöruðu allir. Skólarnir þurftu ekki að svara öllum spurningum og oft var gefinn möguleiki á að merkja við fleiri svör en eitt. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að setja fram á skýran hátt hlutfall svara hverju sinni. Svörin eru því oft gefin upp sem fjölda svarenda eða hlutfall þeirra sem svöruðu viðkomandi spurningu. Þegar svörin eru skoðuð er mikilvægt að gera sér grein fyrir að svarendur miða svör sín ýmist við haustönn eða vorönn 2006. Svörin gætu því verið öðruvísi á öðrum tíma. Til dæmis getur skóli sem hefur enga grunnskólanemendur sem stunda framhaldsskólanám á haustönn 2006 haft slíka nemendur í námi á haustönn 2005 eða 2007. Ennfremur ber að hafa í huga að þeir sem svara geta óviljandi merkt við röng svör eða misskið spurningarnar. Könnunin gefur því einungis innsýn eða öllu heldur hugmynd um hvernig staðan er á haustönn 2006 hvað varðar fyrirkomulag náms á skilum skólastiga.

Grunnskólanemendur í framhaldsskólum


Í töflu 5 og á mynd 5 má sjá fjölda og hlutfall þeirra grunnskóla sem hafa nemendur í 8., 9. og/eða 10. bekk sem taka framhaldsskólaáfanga eða stunda framhaldsskólanám haustið 2006. Athugið að miðað er við haustönn 2006 en það getur verið breytilegt milli ára hvort og hve margir grunnskólanemendur stunda nám í framhaldsskólum.

Tafla 5 Fjöldi framhaldsskóla og fjöldi grunnskólanemenda sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi á haustönn 2006

Fjöldi grunnskólanemenda í framhaldsskóla	8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
	Fjöldi framhaldsskóla	Hlutfall skóla (%)	Fjöldi framhaldsskóla	Hlutfall skóla (%)	Fjöldi framhaldsskóla	Hlutfall skóla (%)
0	28	93	17	57	8	27
1-5	2	7	8	27	1	3
6-10	0	0	2	7	2	7
11-15	0	0	1	3	0	0
16-20	0	0	0	0	6	20
≥21	0	0	2	7	13	43


Alls hefur 93% framhaldsskólanna hefur engan nemenda úr 8. bekk sem stundar nám við skólann á haustönn 2006. Einungis FÁ og Borgarholtsskóli merkja við 1-5 nemanda. Dreifingin er meiri á nemendum úr 9. bekk. Þrettán framhaldsskólar (43%) hafa nemendur úr 9. bekk, langflestir þeirra eru með 1-15 nemendur en einungis FÁ og VMA hafa fleiri en 21 nemanda úr 9. bekk.

Mynd 5 Fjöldi framhaldsskóla og fjöldi grunnskólanemenda sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi á haustönn 2006



Einungis átta framhaldsskólar segjast ekki hafa neinn 10. bekkjar nemanda innan sinna veggja. Aftur á móti segjast þrettán framhaldsskólar vera með fleiri en 21 grunnskólanemenda úr 10. bekk. Þegar þessir skólar voru inntir um nákvæmari fjöldatölur kom í ljós að fjöldi grunnskólanema var frá 23 og upp í 260 en meðaltalið er um 93 nemendur (sjá mynd 6).

Mynd 6 Framhaldsskólar sem hafa fleiri en 20 grunnskólanemendur haustið 2006



Fjöldatölurnar eru þó ónákvæmar því ef nemandi sækir fleiri en einn áfanga telst hann jafn oft. Ennfremur virðast áhöld um hvort inni í tölunni séu nemendur sem taka áfanga í grunnskóla og mæta aldrei í framhaldsskólann nema til að taka próf. Flestir framhaldsskólarnir virðast fyrst og fremst sinna grunnskólum í heimabyggð. Þeir framhaldsskólar sem sinna mörgum grunnskólum (allt að 27) sinna einnig fjarkennslu. VMA segist í mörgum tilfellum ekki vita hvort og þá í hvaða grunnskóla viðkomandi nemendur eru.


Kennslutilhögun og lokamat

Námsgreinarnar sem grunnskólanemendur taka eru margvíslegar. Þau virðast oftast vera bóklegar s.s. enska, stærðfræði, danska, spænska en einnig verklegar s.s. áfangi á vélstjórnarbraut eða í grunnnámi málmíðngreina. Borgarholtsskóli sker sig úr að því leyti að þar hefur verið hannað val fyrir grunnskólanemendur sem tekur allan veturinn og gildir 2 einingar. Þetta er málmíðnval sem 100 nemendur sækja og félags- og uppeldisval sem 28 nemendur sækja.

Samkvæmt þeim 22 framhaldsskólum sem hafa grunnskólanemendur hjá sér í námi dreifist nám þeirra ýmist yfir eina (32%) eða tvær annir (27%) en 41% skólanna segja það mismunandi eftir áföngum/nemendum.

Á mynd 7 sést hvernig kennslutilhögun er háttað. Athugið að hver skóli getur merkt við fleiri en einn valkost þannig að mismunandi kennslutilhögun getur farið eftir því hvaða áfanga um er að ræða.

Mynd 7 Kennslutilhögun við kennslu grunnskólanema á framhaldsskólastigi



Á töflu 6 sést hvernig lokamati náms er háttað. Í fyrsta dálkinum sést hverju 24 framhaldsskólar svöruðu. Sömu spurningar voru lagðar fyrir grunnskólana og sýna tveir síðustu dálkarnir hlutfallslega niðurstöðu miðað við fjölda þeirra sem svara

spurningunum. Eins og sjá má er langalgengast að framhaldsskólakennararnir sjái alfarið um námsmatið. Undir annað falla tvö tilvik um símat. Aðrar útfærslur eru að námsefni 10. bekkjar og fyrsta bekkjar framhaldsskóla er fléttað saman og nemandinn lýkur því á heilum vetri, framhaldsskóla- og grunnskólakennari semja saman lokaprófið og fara yfir það og í sumum tilvikum sér grunnskólakennari um lokaeinkunn í náminu.

Tafla 6 Tilhögun við lokamat

Hvernig er lokamati háttáð?	Fjöldi frh.sk.	Hlutfall frh.sk.	Hlutfall grunn.sk.
Framhaldsskólakennari semur prófið og fer yfir lokaprófið	19	79%	90%
Framhaldsskólakennari semur prófið en grunnskólakennari fer yfir lokaprófið	3	13%	5%
Grunnskólakennari semur og fer yfir lokaprófið	2	8%	5%
Samtals	24		
Annað	6		

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

Varðandi greiðslur fyrir námið þá gefa 9 framhaldsskólar upp að grunnskólinn/sveitarfélagið greiði innritunargjöld fyrir nemendur og 8 skólar að nemandinn greiði sjálfur (sjá töflu 7). Tólf framhaldsskólar merkja við annað og er fróðlegt að 4 af þeim 12 skólum sem svara þessum lið segjast ekki rukka þessa nemendur. Einnig kemur fram undir annað að framhaldsskólinn viti ekki nákvæmlega hver sjái um að kaupa kennslugögnin.


Tafla 7 Greiðslufyrirkomulag skv. svörum framhaldsskóla

Hvernig er greiðslu háttáð?	Fjöldi
Grsk/sveitarfél greiðir innritunargjöld í framhaldsskóla	9
Nemandi greiðir innritunargjald í framhaldsskóla	8
Grsk/sveitarfél greiðir kennslugögn	6
Nemandi greiðir kennslugögn	5
Annað	12

Á mynd 8 eru sett saman svör grunnskóla og framhaldsskóla við spurningunum fjórum í töflu 4 og töflu 7. Gildi á y-ás eru hlutfall miðað við heildarfjölda svara hvors skólastigs við spurningunum fjórum. Þar sést að samkvæmt svörum framhaldsskóla eru miklu fleiri nemendur sem borga sjálfir sín innritunargjöld heldur en grunnskólinn gefur upp og miklu fleiri nemendur sem borga sjálfir sín kennslugögn. Vert er þó að taka fram að

undir annað kom fram að framhaldsskólinn veit ekki alltaf hvernig greiðslufyrirkomulagi er háttað.

Mynd 8 Tilhöggun greiðslu samkvæmt grunnskólum og framhaldsskólum



Kröfur til grunnskólanemenda sem stunda nám í framhaldsskóla eru mjög mismunandi á milli skóla. Alls segja 15 framhaldsskólar að grunnskólanemendur þurfi að hafa lokið samræmdu prófi í viðkomandi grein og 14 skólar segja að nemendur þurfi að hafa náð ákveðinni skólaeinkunn veturinn áður. Ekki koma fram margar nánari lýsingar á forkröfum en dæmi er um að kröfurnar fari eftir því hvort grunnskólanemendur hafi lokið samræmdu prófi í greininni eða ekki, að engar forkröfur séu gerðar þegar um valgrein í málmiðngreinum er að ræða og að nemendur með ákveðna lágmarkseinkunn fá að taka tiltekna áfanga, en þeir fái þá einungis metna náí þeir samræmdu prófi. Þau dæmi um einkunnir sem koma fram sem forkröfur í framhaldsskólakönnuninni eru í stíl við grunnskólakönnunina.

Allir framhaldsskólarnir segjast meta áfanga sem grunnskólanemendur hafa tekið áður en þeir koma inn í skólann en ákveðin skilyrði geta verið sett s.s. að nám á framhaldsskólastigi er metið ef það samsvarar þeim námsgreinum sem eru kenndar á námsbraut viðkomandi skóla, horft er á það hvort kennarar með fagmenntun hafa kennt þeim eða ekki og loks að almennt séu allir áfangar metnir sem nemandi hefur tekið í framhaldsskólum en þeim nemendum þó ráðlagt sem hafa fengið lága einkunn að taka áfangann aftur hjá viðkomandi skóla.

Framhaldsskólarnir voru að lokum beðnir um að koma með athugasemdir við skilin milli skólastiga. Þar kom í ljós almenn ánægja með fljótandi skil milli skólastiga. Aftur á móti var kallað á opinberar reglur um kostnaðarskiptingu varðandi kennsluna, námsgögn og skólagjöld, reglur um greiðslur fyrir ársnemendur í framhaldsskólaáföngum og að kennarar sem kenna framhaldsskólaáfanga í grunnskóla hafi leyfisbréf til kennslu á

báðum skólastigum. Einn skólinn telur heppilegt að taka upp áfangakerfi í grunnskóla til að auka samfellu í námi milli skólastiganna, gera nemendum kleift að hefja framhaldsskólanám í þeim greinum sem þeir vilja og geta, áður en þeir ljúka grunnskóla. Annar leggur til að 10. bekkur verði settur undir framhaldsskólann.

Nokkur dæmi um orðrétt svör frá einstökum framhaldsskólum er að finna í viðauka 1b.

Niðurstaða

Fram kom á báðum skólastigum almenn ánægja með fljótandi skil. Í örstuttu máli má setja fram eftirfarandi niðurstöður:

Grunnskólinn kallar á og vill:

- Reglur um greiðslur
- Reglur um hver fái að stunda slíkt nám
- Tryggja að allir framhaldsskólar meti námið
- Bregðast við ásókn í samræmd próf í 8. og 9. bekk
- Fjölbreytt framboð í fjarnámi og reglur um hver borgi
- Réttindakennarar sjái um kennsluna

Framhaldsskólinn kallar á og vill:

- Reglur um kostnaðarskiptingu
- Formgera skilin betur
- Ekki hafa strangar reglur
- Kennara með kennsluréttindi
- Áfangakerfi í grunnskólann
- Áfangarnir séu á ábyrgð einhvers framhaldsskóla

Viðauki 1a Nokkur dæmi um viðhorf grunnskólanna

Svör við spurningunni: Er eitthvað fleira í sambandi við skil grunnskóla og framhaldsskóla sem þú vilt taka fram að lokum?

Það þarf að tryggja að allir framhaldsskólar meti fjarnám sem grunnskólanemendur hafa tekið.

Ég er hrifin af samvinnu skólastiganna en það þarf að vera á hreinu hver á að borga hvað.

Auðveldara um að tala en í að komast!

Þetta hefur gengið í mörg ár vegna góðs vilja og frábærs samstarfs við fjölbrautaskólann. Vantar allar samhæfðar reglur og verkaskiptingu skólastiganna. Brýnt er að bregðast við aukinni ásókn nemenda um að flýta fyrir sér í námi með því að taka samræmd próf í 8. og 9. bekk.

Það þarf að setja mörk um einkunnir til að geta stundað framhaldsskólanám í grunnskóla og einnig hver á að greiða. Það er auðvelt fyrir menntamálaráðuneytið að hvetja til sveigjanlegra skila, en mjög erfitt fyrir fámenna skóla úti á landi að sinna þessu öðru vísi en með fjarnámi og hver borgar þá?

Mikilvægt að ríkið beri kostnað af skólagöngu nemenda sem taka framhaldsskólaáfangana. Mér finnst skólagjöldin fyrir hvern áfanga mjög há miðað við að framhaldsskólarnir fá greitt fyrir hvern nemanda sem tekur próf og rukkar svo um 15.000 kr. fyrir þriggja eininga áfanga sem greiðist af viðkomandi nemanda. Ég veit ekki hvornig þeir réttlæta þessa rukkun en hef grun um að þarna séu framhaldsskólarnir að ná sér í auka tekjur sem ættu að koma frá ríkinu ef þessir nemendur eru þetta miklu dýrari en almennir nemendur í dagskóla.

Huga þarf vel að þeim nemendum sem ekki ná námsefni grunnskólans. Töluvert stór hópur er þar í vandræðum sérstaklega með stærðfræði. Þar þarf að bjóða upp á marga valmöguleika í framhaldsskólum.

Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið kynningu á iðnbrautum fjölbrautaskólans. Kynnast þeir þar vinnu í málmí, smíði, rafmagni og bifvélavirkjun. Taldi þessa nemendur ekki með hér að framan en þeir eru 26 skólaárið 2006-2007 vegna þess að ekki er um einingabært nám að ræða.

Ég vil benda á að víða um land háttar þannig til, m.a. vegna staðsetningar, að ekki er um það að ræða að grunnskólanemendur stundi framhaldsskólaáfangana nema þá þannig að þeir séu kenndir af grunnskólakennurum. Þá er mikilvægt að menn setji umræðuna um óljós skil skólastiga í samhengi við kennaramenntunina og réttindamál kennara. Það er nefnilega til lítills að vera að flýta nemendum þegar sá flýtir hefur það í för með sér að það nám sem þeir stunda verður annars flokks, m.a. vegna aðstöðuleysis í skólum og réttinda- og menntunarleysis kennaranna.

Grunnskólar hafa marga valkosti til að koma á móts við þá nemendur sem ljúka hluta grunnskólaprófs áður en 10 ára skólagöngu er lokið. Til þess þarf ekki að bíða eftir ákvörðun frá ráðuneyti heldur grundvallast þau úrræði á skipulagi og sveigjanleika hvers grunnskóla.

Kostnaðarhlutdeild og réttur nemanda til að sækja framhaldsnám eða vera í bekk þegar samræmdum prófum er lokið eða útskrifast án þess að hafa lokið öllum grunnskólaprófum eða skilað 10 ára skólaskyldu eru öll gjörsamlega óljós og afar slæmt að ráðuneytið skuli ekki hafa sett leikreglur um þessi mál.

Fagna umræðu um þessi skil og vil leggja áherslu á að nemendum verði gert sem auðveldast að flýta og seinka útskrift úr grunnskóla.

Á undanförunum árum höfum við hvatt duglega námsmenn til að taka framhaldsskólaáfangu í fjarnámi og séð til þess að haldið sé utan um þá af hendi skólans meðan á námi stendur og þeim séð fyrir góðri aðstöðu og námsráðgjöf. Þess skal getið að í sumum tilfellum velja nemendur að taka fleiri tíma en skyldan býður en það er undantekning. Hættan við þetta fyrirkomulag er sú að valgreinar s.s. listgreinar og verklegar greinar verði útundan hjá þessum duglegu nemendum sem margir sækja það fast að ná sem flestum bóklegum framhaldsskólaáföngum. Ég tel á hinn bóginn að þessi fljótandi skil hafi aukið metnað hjá nemendum sem hafa hugann við það að flýta för í framhaldsskóla. Með því að ráðuneyti menntamála heimilar nemendum 8. og 9. bekkjar að taka samræmd lokapróf verður grunnskólinn að sjá nemendum fyrir framhaldi – eða hvað? Flestir nemendur okkar sem lokið hafa framhaldsskólaáföngum hafa staðið sig með þryði. Ég vil að upp úr sé kveðið af ráðuneyti hver eigi að greiða kostnað af framhaldsskólaáföngum – það á ekki að vera háð dutlungum einstakra manna.

Nauðsynlegt að fram fari umræða um þessa valmöguleika þannig að nemendur sem auðvelt eiga með nám nýti sér það að ljúka grunnskólanum fyrr og nemendur almennt vikki sjóndeildarhring sinn fyrr með því að ljúka einhverjum áföngum í framhaldsskóla í grunnskólanum. Þetta er þróun sem þarf að ræða og festa í sessi í skólakerfinu.

Þetta er mjög jákvætt og gengur vel enda er framhaldsskólinn við hlið skólans.

Auka þarf framboð frh.skólanna og samræma meðal grunnskóla hver eigi að greiða kostnað og ávinning nemenda með viðkomandi námi á frh.skólastigi.

Mjög jákvætt er að nemendur geta nú sótt fjarnámsáfangu með skólagöngu sinni og þannig farið hraðar í gegnum grunnskólann.

Vil gjarnan að grunnskólarnir geti sett kröfur um námsárangur og þar af leiðandi fái nemendur að stunda nám við hæfi.

Við teljum börnum betur borgið á meðal jafnaldra og eðlilegt að framhaldsnám sé innan grunnskólans ef hann hefur bolmagn til, þ.e. menntaða kennara og gott skipulag. Grunnskólinn snýst um meira en þekkingarmötun og nauðsynlegt að æskufólk fái frið til að þroskast með jafningjum áður en þeim er hent út í fullorðinslíf framhaldsskólanna eins og þeir eru í dag.

Mikilvægt er að halda þessari þróun áfram en gæta þess að vinna verkið jafnt, þétt en rólega. Það mætti styrkja þessa þróun með samkeppnisprófum þar sem nemendum væri gefinn kostur á að þreyta próf, bæði í 8. og 9. bekkjum til að mæta hæfni til að velja áfanga. Þetta myndi hvetja sterka nemendur. Það er einnig mikilvægt að tengja þann skóla sem nemendur ætla í við viðkomandi grunnskóla.

Nauðsynlegt að skýra reglur varðandi greiðslu námsgagna.

Nemendur eru að færast á milli árganga, t.d. er einn nemandi sem á að vera í 9. bekk núna í 10. bekk.

Helst að það væri hægt að hafa mun meiri samvinnu milli þessara skólastiga. Einnig að láta upplýsingar fylgja (t.d. athyglisbrestur-ofvirkni o.fl.) að sjálfsögðu með leyfi allra er koma að málinu.

Leita þarf leiða til að auðvelda nemendum að stunda framhaldsskólaáfangu. Fráleitt að framhaldsskólakennarar sem kenna fyrir okkur í grunnskólanum framhaldsskólaáfangu fái laun sem leiðbeinendur vegna þess að þeir hafa ekki réttindi á grunnskólastigi. Eitt af þessum undarlegu ákvæðum sem þarf að fara eftir skv. kjarasamningum.

Þessi skil eiga að vera sveigjanleg þannig að hver einstaklingur geti unnið miðað við þroska og getu.

Það er mjög jákvætt að möguleikar hafa opnast fyrir nemendur í grunnskóla að ljúka námi á minna en 10 árum.

Mikilvægt að skýra reglur um hver gerir hvað. Móta sveigjanlegri skil þannig að nemendur geti farið ári fyrr í framhaldsskóla eða verið ári lengur í grunnskóla. Samráð um námsmat milli skólastiga – námsmat verði skýrt þannig að framhaldsskólinn geti lesið úr mati grunnskólans bæði hæfni nemandis og hvert hann er kominn miðað við jafnaldra.

Hér er í gangi tilraunaverkefni, framhaldsskólinn sér um kennslu í náttúrufræði 10. bekkjar og um leið fá nemendur tækifæri til að taka stöðupróf í fyrstu áföngum framhaldsskólans í náttúrufræði og ljúka allt að 6 einingum meðfram námi í 10. bekk. Verða samt að standast ákveðin skilyrði í 10. bekkjar náminu til að fá tækifæri til að taka stöðuprófin.

Brotalöm í kerfinu þar sem hefðbundnir bekkjarskólar hafa ekki enn aðlagð sig að þessu breytta umhverfi. Nemendur lenda ítrekað í því að geta ekki haldið áfram í þeim greinum sem þeir hafa lokið áföngum í grunnskólanum. Flýttir þar af leiðandi ekki fyrir námi.

Viðauki 1b Nokkur dæmi um viðhorf framhaldsskólanna

Svör við spurningunni: Er eitthvað fleira í sambandi við skil grunnskóla og framhaldsskóla sem þú vilt taka fram að lokum?

Ég tel heppilegt að taka upp áfangakerfi í grunnskóla til að gera nemendum auðveldar að hefja framhaldsskólanám í þeim greinum sem þau vilja og geta, áður en þau ljúka grunnskóla.

Samstarf skólans og grunnskólans hefur ævinlega gengið vel. Flestir ef ekki allir, sem komið hafa að þessu starfi, eru sammála um að skil á milli skólastiganna eigi að vera eins fljótandi og unnt er.

Það er mikilvægt að skil milli skólastiga séu fljótandi og ekki hafðar strangar reglur um það hvenær nemendur geta farið úr grunnskóla í framhaldsskóla.

Það þarf að koma á samstarfi grunn- og framhaldsskólans um þetta málefni hér á staðnum. Gott væri ef til væru opinberar reglur um kostnaðarskiptingu varðandi kennsluna, námsgögn og skólajöld. Hver fær greiðslur fyrir ársnemendur í framhaldsskólaáföngum? Þurfa kennarar sem kenna framhaldsskólaáfangana í grunnskóla að vera með leyfisbréf í framhaldsskóla?

Flæði á milli grunn- og framhaldsskóla er takmarkað af reglum um bekkjarskóla og uppbyggingu þeirra. Vandasamt að sjá hvernig bekkjarskólar eiga að taka á þessu máli.

Það þarf að vera skýrt að framhaldsskólaáfangar sem nemandi tekur meðan hann er í grunnskóla séu á ábyrgð einhvers framhaldsskóla ef þeir eiga að vera einingabærir í framhaldsskóla.

Þetta er annar veturinn sem skólinn er með hóp 10. bekkinga í ENS103 og leða stærðfræði og það er samdóma álit þeirra sem að þessu samstarfi koma að þetta gengur mjög vel.

Samstarfið hefur gengið mjög vel og skilað góðum árangri.

Ég tel mikilvægt að nemendur grunnskóla fái tækifæri til að hefja framhaldsskólanám í 9.-10. bekk, því mörg þeirra hafa fulla getu til þess. Fljótandi skil á milli skólastiga.

Að lokum leggjum við til að 10. bekkur verði settur undir framhaldsskólann. Miðað við mismunandi námslok nemenda í grunnskóla er einfaldast að setja nemendur 10. bekkjar undir áfangakerfi framhaldsskóla.

Við erum með spennandi tilraun hér í vetur um kennslu í náttúrufræði fyrir 10. bekk sem fram fer hér í skólanum og kennarar okkar kenna.

Þetta verkefni hefur tekist mjög vel, mikil ánægja er með þetta hjá grunnskólum bæjarins. Áfangarnir eru bæði bóklegir og verklegir.

Gott væri að skoða skipulag þessara mála gagnvart sveitarfélögum. Þá þarf að skilgreina í hvaða tilvikum framhaldsskólar fá framlög út á þessa nemendur sem þarf að vera í þeim tilvikum sem framhaldsskólinn greiðir kennslulaunin en annars ekki.

Auðvelda á duglegum grunnskólanemendum að stunda nám á framhaldsskólastigi. Setja þarf skýrari reglur um þau mál t.d. þarf að vera ljóst hver staða nemenda sem fengið hafa eink. 5-7 á samræmdum prófum er. Þeir ættu að þurfa að endurtaka samræmda prófið árið eftir þ.e. í 10. bekk. Einnig ætti að hleypa þeim duglegu upp í framhaldsskólana eftir 9. bekk en þá þarf að aðlaga grunnskólanámskrár að þeirri flýtleið.

Skilin eiga að vera sveigjanleg þannig að nemendur úr 9. bekk sem standa náms- og félagslega vel að vígi geti hafið fullt nám í framhaldsskóla.

Hér höfum við gert tilraun með samstarf við valda skóla sem byggist á því að framhaldsskólaáfangar eru kenndir í viðkomandi skóla en nemendur koma í lokapróf hér á sama tíma og nemendur skólans. Þessir nemendur eru því utan uppgöfðar tölu fyrir 10. bekk hér að ofan.

Nemendur úr grunnskólum hafa einnig verið að taka að hluta til þátt í félagslífi við skólann, s.s. í íþróttum, leiklist, tónlist og ýmsu öðru.

Viðauki 2 Könnun hjá grunnskólum um skil milli skólastiga

- 1 Nafn skóla
- 2 Síðastliðið vor voru langflestir þeirra er luku grunnskólanámi fæddir 1990. Vinsamlegast tilgreinið fjölda þeirra sem luku grunnskólanámi síðastliðið vor og eru fæddir 1991 og 1989
- 3 Heildarfjöldi nemenda í 8. bekk á haustönn 2006
- 4 Heildarfjöldi nemenda í 9. bekk á haustönn 2006
- 5 Heildarfjöldi nemenda í 10. bekk á haustönn 2006
- 6 Hversu margir 8. bekkjar nemendur í skólanum taka framhaldsskólaáfangi/ stunda framhaldsskólanám á haustönn 2006?
- 7 Hversu margir 9. bekkjar nemendur í skólanum taka framhaldsskólaáfangi/ stunda framhaldsskólanám á haustönn 2006?
- 8 Hversu margir 10. bekkjar nemendur í skólanum taka framhaldsskólaáfangi/ stunda framhaldsskólanám á haustönn 2006?
- 9 Hversu langan tíma tekur námið/áfanginn hverju sinni?
- 10 Hvar fer kennslan fram og hverjir sjá um hana? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
 - a. Kennarar grunnskólans
 - b. Kennarar framhaldsskólans
 - c. Aðrir kennarar
 - d. Áfanginn er fjarkennsluáfangi frá framhaldsskóla
 - e. Áfanginn er fjarkennsluáfangi en grunnskólakennarar aðstoða
 - f. Kennslan fer eingöngu fram í framhaldsskóla
 - g. Kennslan fer eingöngu fram í grunnskóla
 - h. Annað
- 11 Ef valið er "annað" í spurningunni hér fyrir ofan; vinsamlega skýrið nánar hvað á við:
- 12 Hvernig er lokamati háttað? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
 - a. Grunnskólakennari semur og fer yfir lokaprófið

- b. Framhaldsskólakennari semur prófið og fer yfir lokaprófið
 - c. Framhaldsskólakennari semur en grunnskólakennari fer yfir prófið
 - d. Annað
- 13 Ef "annað" er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlega lýsið nánar hvernig lokamat fer fram:
- 14 Hvað gerist meðan nemandi sækir nám í framhaldsskóla? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
- a. Framhaldsskólanámið virkar sem val nemandans og sækir því færri tíma í grunnskólanum
 - b. Nemandinn fær frí í þeim grunnskólatímum sem skarast við framhaldsskólatímana
 - c. Nemandinn sækir tíma í framhaldsskóla ef tímarnir skarast ekki við tíma í töflu grunnskólans
 - d. Annað
- 15 Ef "annað" er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlega lýsið nánar hvernig stundatöflumál eru leyst:
- 16 Hvernig er greiðslu háttað? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
- a. Grunnskólinn/sveitarfélagið greiðir innritunargjald fyrir nemanda í framhaldsskóla
 - b. Grunnskólanemendurnir greiða sjálfir innritunargjald í framhaldsskóla
 - c. Grunnskólinn greiðir kennslugögn
 - d. Grunnskólanemarnir greiða kennslugögn
 - e. Annað
- 17 Ef "annað" er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlega lýsið nánar hvernig greiðslumál eru leyst:
- 18 Þurfa grunnskólanemendur að jafnaði að hafa lokið samræmdu prófi í viðkomandi grein, til að mega taka áfanga nám í framhaldsskóla? Já __ Nei __
- 19 Er miðað við einhverja lágmarkseinkunn?
- 20 Hvaða reglur eru notaðar um ráðstöfun vals í efstu bekkjum grunnskóla gagnvart námi í tónlist, listdansi, íþróttum eða öðru sérhæfðu námi?
- 21 Er eitthvað fleira í samb. við skil grsk. og frhsk. sem þú vilt taka fram að lokum?

Viðauki 3

Könnun hjá framhaldsskólum um skil milli skólastiga

- 1 Nafn skóla
- 2 Hversu margir 8. bekkjar nemendur taka framhaldsskólaáfangastaunda framhaldsskólanám í skólanum á haustönn?
- 3 Hversu margir 9. bekkjar nemendur taka framhaldsskólaáfangastaunda framhaldsskólanám í skólanum á haustönn?
- 4 Hversu margir 10. bekkjar nemendur taka framhaldsskólaáfangastaunda framhaldsskólanám í skólanum á haustönn?
- 5 Hversu langan tíma tekur námið/áfanginn?
- 6 Í hvaða grunnskólum eru þeir nemendur sem stunda framhaldsskólanám við skólann?
- 7 Hvaða forkröfur þurfa grunnskólanemendur að jafnaði að hafa til að fá taka áfanga nám í þínum skóla? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
 - a. Þeir þurfa að hafa lokið samræmdu prófi í viðkomandi grein
 - b. Þeir þurfa að hafa náð ákveðinni skólaeinkunn veturinn áður
 - c. Annað
- 8 Ef annað er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlegast skýrið nánar forkröfur nemenda og hvort/hvaða lágmarkskröfur eru hafðar til hliðsjónar
- 9 Hvar fer kennslan fram? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
 - a. Í almennum hópum/bekkjum innan skólans
 - b. Í sérhópi þar sem haldið er sérstaklega utan um grunnskólanemendurna
 - c. Í gegnum fjarkennslu
 - d. Í gegnum fjarkennslu en grunnskólakennarar veita nemendum stuðning
 - e. Í grunnskólunum á ábyrgð kennaranna þar
 - f. Annað
- 10 Ef valið er "annað" í spurningunni hér fyrir ofan; vinsamlega skýrið nánar hvað á við:
- 11 Hvernig er lokamati háttað? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
 - a. Grunnskólakennari semur og fer yfir lokaprófið

- b. Framhaldsskólakennari semur og fer yfir lokaprófið
 - c. Framhaldsskólakennari semur en grunnskólakennari fer yfir prófið
 - d. Annað
- 12 Ef "annað" er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlega lýsið nánar hvernig lokamat fer fram:
- 13 Hvernig metur skólinn áfanga sem grunnskólanemendur hafa tekið áður en þeir koma inn í skólann? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
- a. Við metum einungis áfanga sem eru teknir við skólann
 - b. Við metum alla áfanga sem teknir eru í framhaldsskólum
 - c. Er nemandi kemur frá grunnskóla sem við erum í samstarfi við, metum við áfanga tekna í grunnskólanum
 - d. Annað
- 14 Ef merkt var við "annað" hér fyrir ofan; vinsamlegast skýrið út hvað ræður því hvort nýnemi fær framhaldsskólaáfanga metinn
- 15 Hvernig er greiðslu háttáð? (Ath! Hægt er að merkja við mörg svör)
- a. Grunnskólinn/sveitarfélagið greiðir innritunargjald í framhaldsskóla
 - b. Grunnskólanemar greiða sjálfir innritunargjaldið í framhaldsskóla
 - c. Grunnskólinn/sveitarfélagið greiðir kennslugögn
 - d. Grunnskólanemar greiða kennslugögn
 - e. Annað
- 16 Ef "annað" er valið í spurningunni hér á undan; vinsamlega lýsið nánar hvernig greiðslumál eru leyst:
- 17 Hvernig er nám grunnskólanema í tónlist eða listdansi metið þegar þeir hefja nám í framhaldsskólanum?
- 18 Er eitthvað fleira í sambandi við skil grunnskóla og framhaldsskóla sem þú vilt taka fram að lokum?